Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók fátækranefndar. 1876-1895

Aðfnr. 42, 2. hluti


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | Kr 80 |
| 2. † Anna Ásmundsdóttir 45 ára og börn hennar | | | 120 Kr. |
| 3. Ekkja Bjarna Kristjánssonar í Héðinshúsum með 3 börnum | | | 140 – |
| 4. Einar Magnússon | | hjá Joh. Einarsdótt. | 80 – |
| 5. Einar Jónsson 12 ára | | hjá Jóni í Skipholti | 60 – |
| 6. Guðríður Þorleifsdóttir | | (hjá næsta fund hér á eptir) | 150 |
| 7. Guðm. K. Guðmundsson 11 ára | | á Guðm. á Austurvelli | 80 – |
| (8.) Jón Helgason 22 | | | |
| 8. Haraldur Jónsson 7 ára | | hjá Hans Gísla í Ananaust | 80 – |
| 9. Guðrún Jónsd. 4 – | | hjá Tómási Tómáss. Lambh. | 80 – |
| 10. Ásm. Gizzurarson | | hjá Steph. Johannessyni | 80 – |
| 11. ~~Guðmund~~ Gizzurardóttir | | – Einari Árasyni | 80 – |
| 12. Jón Jónsson 79 ára | | – Bjarna Oddssyni | 80 – |
| (13. Marta Páinsdóttir 26 ára) | | | |
| (14. † Kristinn Magnússon | | | 80 –) |
| 15 Margrét Einarsdóttir 49 ekkja með 1. barni | | í Steinsholti | 80 – |
| 16. Margrét Jónsdóttir | | hjá Ólafi Guðlaugsdótt. | 60 – |
| 17. Guðríður Þorkelsdótt. | 76 | – Þorv. Klængssyni | 60 – |
| 18. Ólafur Þórðarson | 11 | – Sveini í Sandag. | 80 – |
| 19. Ólöf Jónsdóttir | 77 | – Magnúsi Árnasyni | 120 – |
| 20. Salvör Ketilsdótt. | 83 | – Sturlakoti | 60 – |
| 21. Þórdís Ólafsdóttir | 79 | – Madme Möller | 84 – |
| 22. Þorvaldur Einarsson | 13 | – Guðlaugi á Stein. | 80 – |
| 23. Þorvaldur Ásmundss. | 11 | – Jóni í Mýrarholti | 80 – |
| | | | 1894 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

C 1894

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 24. | Ingibjörg Eiríksdóttir | | í Mið[illegible] | 72 kr. |
| 25. | Frímann Sigurðsson | 9 ára | á Norðurkoti í Kjalarnesi | 80 – |
| 26. | + Margrét Pálsdóttir með 1 barni | | í Brennuhúsinu | 80 – |
| 27. | Þórður skóari | 71 árs | hjá Guðr. Tómasdótt. | 180 – |
| 28. | Solveig Einarsd. gamalmenni | | í Þingholtum | 70 – |
| 29. | Vilborg Magnúsdóttir | 4 ára | – Guðm. í Kálfakoti | 80 – |
| 30. | – Valgerður Björnsdóttir | 76 – | hjá Jóni Borgfirðing | 100 – |
| 31. | Ingvar Bjarni barn Ingibjarga Maríu | | (nú á Tjarnarhúsum) á Hvaleyri (Guðm.) | 80 – |
| 32. | Barn Jónu | | í Hausastaðakoti | 80 – |
| 33. | do Friðrikke Holter | | hjá (Þórði) Elíss. á Norðurkoti | 80 – |
| 34. | Sumarlína Sigurðardóttir | | hjá Jóni Sigurðssyni á Steðhöfða? .. | 80 – |
| 35. | (Erlindur Guðmundsson) barn Guðrúnar Jónsdóttur | | hjá henni sjálfri | 80 |
| 36. | Benedikt Guðnason | 2 ára | í Klettakoti? ... | 80 – |
| 37. | Jóhannes Guðmundsson gamalmenni | | í Móakoti .. | 96 – |
| 38. | Ingibjörg Guðmundsdóttir | | í Reykjavík .. | 288 – |
| 39. | – Guðjón Jósepsson | 9 ára | í Skálholtskoti (hjá Ingibjörgu) til fardaga næstu .. | 14,72 |
| 40. | María Margrét Jónsd. barn | | á Bakka hjá Guðm. Jónssyni ... | 60 – |
| 41. | + Jón Sigmundsson í Steinsholtskoti (blindur) með börn | | ........ | 80 – |
| 42. | Guðbjartur Þorláksson barn | | í Tjarnarhúsum | 80 – |
| 43. | Jón Jörgensson? | 12 ára | hjá Þorst. Jónssyni | 80 |
| | | | | 3734 – 72 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A. 3734-72

| | | | |
|---|---|---|---|
| No 44. | Ástríður Olsen . . | 49 ár í Klettakoti | 144 – |
| „ 45 | Þórdís Jónsdóttir . . ekkja, gamalmenni | hjá Einari Arasyni á Tóptunum . | 80 – |
| „ 46. | Margrét Guðmundsd. í Skaptabæ | . . . . . . . | 72 – |
| „ 47. | Guðríður Guðmundsdóttir með 2 börnum | í Sauðagerði . | 80 – |
| „ 48 | Ingiríður Einarsdótt. | húsaleiga á Bala | 20 – |
| „ 49. | Pálína Ólafsdóttir gamalmenni | í Dúkskoti . | 60 – |
| „ 50. | + Jón Jónsson (garðyrkjumaður) | á Melum . . | 80 – |
| „ 51. | + Kristín Þorkelsdóttir | Hólakoti . . | 80 – |
| „ 52. | Ásdís Daðadóttir . . | í Sauðagerði. | |
| „ 53 | Helga Emilia á láni | á Bjargi á Kjalarnesi | 80 |
| „ 54. | Kristínn Guðmundsdóttir | í Hólakoti . . . | 48. |
| „ 55. | – Steinunn Hölter | í Þingholtum (með húsaleigu) | 100. |
| „ 56. | Ólafr Gudrason í Þingholtum (barn) | . . . . | 80 |
| „ 57. | + Jarðþrúður Pétursdóttir | Steinsstöðum | 84 |
| | | | 4742 – 72 |

## II. Þurfamenn

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Einar Bjarnason á Melum . . . . | 40 |
| 2. | Einar Magnússon í Skólabæ . . . | 40 |
| 3. | Einar Hjaltested (120 styrkr + húsaleiga 30 k.) | 150 |
| 4. | Helga Jónsdóttir ~~kona~~ Halldórs Söðlara | 80 |
| 5. | Jóhann Heilmann (húsaleiga .) . | 80 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## III. Utstola

1. Ragnhildur Símonardóttir (hjá næsta fund hér) 270 kr.
2. Heiðíð ~~Guðjóns~~dóttir á Holti á Kjalarnesi .. 208 kr.
3. Sigurður Lýðsson á Þormóðsstöðum .. 150 –
   (hjá Markúsi Þórtangi) 628

Frekara var eigi að fyrirtaka og var þá fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen  G. Þórðarson

Ólafur Guðlaugsson  B. Bjarnason  P. O. Gíslason

Ár 1880 h. 13. janúar átti fátækranefndin aukafund með sér og var þá tekið fyrir:

1. að tala um ráðstöfun á vitskertri stúlku Ragnheiði Símonardóttur. Meiri hluti nefndarinnar fellst á að ganga að því boði Ingunnar Magnúsdóttur, er hingað til hefir haldið hana, nú hefði getið að halda hana áfram árlangt fyrir 270 kr. á ári í stað 312 kr., sem hún áður hefir fengið með henni.

2. Þvínæst kom til tals ráðstöfun á ómaganum Guðríði Þorleifsdóttur, er einnig hefir verið hjá nefndri Ingunni. Samdist þá með fátækranefndinni og Magnúsi Andréssyni cand. theol., sem mætti hér í dag fyrir hönd Ingunnar, að hún héldi hana til næstu fardaga fyrir sem svarar árs meðlagi: 150 krón. og jafnframt var áskilið að Ingunn léti fá-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fátækranefndinni frá ítrekun að minnsta kosti mánuði fyrir fardaga, ef hún ekki vill halda þennan ómaga áfram fyrir þessa meðgjöf.

Fundi sagt slitið

E Th Jónassen

P O Gíslason Ólafur Guðlaugsson Jón Þórðarson

Magnús Andrésson. B Bjarnason G. Þórðarson

Ár 1880 h. 22. janúar átti fátækranefndin fund með sér, og var þá tekið:

1. beiðni Sveini Sveinssyni er frestað var á síðasta fundi að gera út um. Eptir þeim upplýsingum sem nefndin hefir fengið um þennan mann, þá veitist honum tómthúsmennskuleyfi.

2. beiðni frá Einari Guðmundssyni á Steinsholti sú er tekin fyrir á síðasta fundi. Nefndin hefir síðan útvegað sér upplýsingar um hann og með því hann er mjög efnalítill og lélegur maður til þess að stunda sjávar-afla, þá álítur nefndin að hann eigi geti orðið þessu félagi til uppbyggingar eða yfirhöfuð hafi hér ofan af fyrir sér og sínum

3. og ræður því af að neita honum um leyfið.

3. Beiðni Ólafs Eyjólfssonar frá Gljúfurholti í Ölvesi, er rædd var ~~fram~~ á síðasta fund og þá frestað til þess að leita um Ólaf þennan upplýsinga. Nefndin álítur eptir þessum upplýsingum að veita eigi Ólafi þessum hið umbeiðna tómthúsmennsku-leyfi.

4. Beiðni frá Sveini Sveinssyni á Mosfelli í Grímsnesi veitt hér verði tómthúsmennskuleyfi, dags. 14 Dec. f. á.; með því Sveinn þessi hefir sýnt góðan vitnisburð og nefndin hefir af kunnugum manni hér í plázi frétt hið sama, álítur hún að veita beri þessum manni húsmennskuleyfi hér samkvæmt beiðni hans.

5. Lögð fram beiðni frá Isaack Ingimundssyni á Móakoti í Sandvíkurhrepp dags. 10. janúar um að fá að setjast hér að í tómthúsmennsku og var það leyft.

6. Rædd aptur beiðni Þorsteins Einarssonar, er var lögð fram á síðasta fundi, og þá frestað. Með því nefndinni þykist hafa áreiðanlega vissu um að Þorsteinn þessi sé efnalítill mjög og drykkfelldur og hafi talsverða fjölskyldu fyrir að sjá, þá getur nefndin ekki veitt þessa beiðni.

7. Var lagt fram bréf frá Guðmundi Ingimundssyni dags. 20. þ. m. áhrærandi húsaleigu handa honum fyrir Guðmund Halldórsson o. fl. því máli er frestað til næsta fundar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Beiðni frá Stefáni Sigurð. Jónssyni unglings manni á Akranesi um að fá að setjast að hér í bænum í tómthúsmennsku dags. 10. þ. m. Var frestað þessari beiðni til næsta fundar.

9. Beiðni frá Gunnlaugi Magnúsi Jónssyni á Katanesi í Borgarfjarðarsýslu um að fá að setjast hér að í tómthúsmennsku dags. s. d. og fylgir henni vottorð dags. 14. des. f. á.

10. Beiðni frá Bjarna Guðmundssyni á Kirkjuvogi í Hafnarhreppi dags. í dag um að fá að setjast hér að í tómthúsmennsku hér í bænum, ~~dags.~~ var því frestað til næsta fundar, þar eð þar þurfti að fá ~~ba~~ nákvæmari upplýsingar um þennan mann.

11. Tilkynnt fátækranefndinni bréf Amtsins dags. 14. þ. m., með hverju er úr gildi felld synjun fátækrastjórnarinnar til Skúla Jónssonar um að fá að setjast hér að í tómthúsmennsku

12. Birt fátækrastjórninni bréf Amtsins frá 20. f. m. viðvíkjandi Magnúsi Einarssyni í Miðhúsum, er nefndin hafði synjað um giftingarleyfi.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen

P. O. Gíslason B. Kjarnested

Á 1880 h. 26. janúar átti fátækra-nefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Sigurður Stefán Jónsson á Akranesi hafði munnlega leitað þess við formann nefndarinnar að mega fá hér tómthúsmannsleyfi með börnum sínum. Lagði hann fram vottorð frá sóknarpresti sínum, er vottar að hann sé siðferðisgóður og ráðvandur. Það nefndinni eigi er annað kunnugt en að þetta maður, sem er tvítugur að aldri, munnlega, sé alveg efnalaus og þar að auki óþroskaður maður, vill hún ekki veita hið umbeðna leyfi.

2. Bar formaður fram munnlega beiðni frá bónda Guðlaugi Magnúsi Jónssyni á Katanesi í Borgarfjarðarsýslu um að fá hér leyfi til þess að setjast að á tómthúsmennsku í vor með konu og 2 börnum og lagði formaður fram vottorð frá hreppstjóra og presti dags. 14. desemb. f. á. Nefndinni þóttist eigi geta veitt þetta leyfi, það Guðlaugur þessi var eftir því sem nefndin þekkti til alveg félaus maður.

3. Lagt fram bréf frá 11. janúar f. á. frá Guðmundi Halldórssyni á Bergsstöðum um að fá styrk frá fátækrasjóði til þess að byggja sér bæ; kom nefndinni saman um að öllu ráðlegra mundi vera að láta Guðmund og það nú þegar fá þann hálfa part úr Hákotsbænum, sem bærinn nú hefir umráð yfir. Var þá afráðið að bjóða honum þennan bæ.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Lagt fram bréf frá næturverði Guðmundi Ingimundarsyni dags. 20. janúar 1880 um að fá borgaða húsaleigu í 3½ mánuð fyrir Guðm. Halldórsson á Stórubergsstöðunum að upphæð 7 krón. og var það samþykkt, en að því viðvíkur spurningu Guðmundar var látið(?) um það, hvort nefndin eptirleiðis vilji ábyrgjast þá húsaleigu fyrir Guðm. Halldórsson, ásamt til þess sem útekið var hér undir 3 tölulið að framan.

5. Var lagður fram reikningur frá Steingrími Jónssyni í Sölfhól fyrir veru Sigríðar Runólfsdóttur þar í sumar að uppk. 11 krónur. Var sá reikningur samþykktur.

6. Tjáði formaður nefndinni að það þyrfti að útvega Kristínu Þorkelsdóttur í Hólakoti samastað h. 1. í næsta mánuði. Var Pétri Gíslasyni ~~tiltekið(?)~~ falið á hendur að koma þessum ómaga fyrir.

7. Lagði formaður fram bréf dags. 31. f. m. frá Guðbr. Guðbrandssyni um að fá húsaleigu borgaða fyrir ekkju Hólmfríði Magnúsdóttur (sjá um þetta fund 10. júlí f. á.). Var samt afráðið áður en Guðbrandur yrði borgað að tala við ekkjuna um, hvort krafan væri rétt.

8. Lagt fram bréf dags. 24. f. m. frá Amtinu, er skýrir frá að Magnús Pálsson á Litlaseli hafi kvartað yfir því að fátækrastjórnin hafi h. 14. nóv. f. á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sýnjað honum um leyfi til að setjast hér að í tómthúsmennsku. Fátækranefndin þykist ekki hafa ástæðu til þess að breyta skoðun þeirri sem hún hefir haft á þessum manni.

9. tekið aptur fyrir bréf dags. 22. janúar þ. á., er ræfst var á síðasta fundi, frá Bjarna Guðmundssyni. Kom nefndinni hér saman um að neita þessum manni um tómthúsmennskuleyfi, þareð nefndin eigi fær séð að hann geti lifað hér af þeirri iðn, er hann tilgreinir í bréfi sínu, enda sýnist líka bréf hans að benda á það að hann þiggi af Stokkseyrar-hreppi.

10. Lagt fram bréf dags. 21. jan. yfirst. frá Sighvati Bjarnasyni þarsem hann fer því fram, að hann fái keyptan bæ þann, sem faðir hans hafi byggt í Hlíðarhúsi, og móðir hans býr í og sem pantsett sé fátækrasjóði og spyr að því með hvaða kjörum að hann geti fengið bæinn keyptan. Nefndinni kom saman um að gefa Sighvati Bjarnasyni kost á að fá bæinn keyptan og uppgjöf á skuld þeirri er fátækrasjóðr átti hjá móður hans, ef hann vill lofa því að sjá fyrir 2 systkynum sínum, er enn óstaðfest, þangað til að þau eru 15 ára og lofa móður sinni að hafa bústað hjá sér á meðan hún þyrfti þess með og sjálfsagt til þess að nefnd börn hennar verði 15 ára, án styrks úr fátækrasjóði. Þá ætlast nefndin ekki til þess að Sighvatur fullnægi þessum kostum að öllu, ef veikindi eða heilsuleysi skyldi hindra það, sem og líka nefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vill áskilja sér, ef Sighvatur Bjarnason skyldi deyja áður en hann hefir getað ~~fram~~ fullnægt þessum þannumgetnu skilyrðum, að mega halda sér að henni að fá viðkomandi meðgjöf með 2 yngstu systkynum Sighvats til þess þau verða 15 ára og móðir hans megi hafa þar húsaskjól meðan hún þarf með.

Fundi slitið

Ell. Jónasson G. Þórðarson

P. O. Gíslason Jón Þórðarson Ólafur Guðlaugsson

K. Bjarnason

Ár 1880 h. 12 febrúar átti fátækranefndin fund með sér og var þar á tekið fyrir:

1.) lagt fram bréf dags. 10. þ. m. frá Þórdísi Jónsdóttur á Tóptum um að hún megi fá að eiga með sig sjálf og fátækrastjórnin svo ekki borgi henni sjálfri þann styrk, er hún hefir fengið af fátækrafé, og svo húsaleigu. Var þessari beiðni synjað.

2.) Lagt fram frá Hildibrandi Kolbeinssyni á Ottastöðum dags. 28. f. m. um að fá hér húsmennskuleyfi. Nefndinni leizt að fresta til næsta fundar að svara þessu bréfi og leita (hingað) upplýsinga um H. ~~Kolbeins~~son þennan og jafnframt fá upplýsingar hans sjálfs.

3.) bréf dags. h. 28. f. m. frá Torfa Þorgrímssyni prentara, þar sem hann segir til sveitar nýkomin sína

Kristínu Ásmundsdóttur og hefir hann jafnframt lofað formanni að halda hana fyrst um sinn gegn 10 kr. meðlagi á mánuði ámeðan hún hafi þessa heilsu, er hún nú hafi. Var það samþykkt af nefndinni.

4. Lagt fram í bréfi dags. 3. febr. frá Egli Guðrasyni, þarsem hann beiddist hjálpar frá fátækrastjórninni með börnum sínum. Fátækrastjórnin samþykkti það að hjálpa honum án fyrst, en skoraði á formann ~~að~~ finna Egil til þess nákvæmar að tala um það við hann, með því þessi börn eru sveitlæg annarsstaðar. ufl. á Akranesi.

5. Tilkynnti formaður að Kristrún Þorkelsdóttur væri komin fyrir í Hólakoti hjá Katrínu Árnadóttur gegn sínu meðgjöf og hefði verið með henni áður.

6. Var borin upp af formanni beiðni frá Guðríði Helgadóttur um að fá hjálp handa sér og barni sínu. Var fátækrastjórn Bjarni Bjarnasyni falið á hendur að reyna að semja við mann þann er Guðríður er hjá að halda Guðríði gegn meðgjöf með barninu til vors.

7. Var lagt fram bréf frá Sighvati Bjarnasyni dags. 12. febrúar, þarsem hann svarar því að hann samþykki því kosti er fátækrastjórnin hefir sett honum með tilliti til kaups á bæ móðir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann (sjá næsta fund hér á undan No. 10.). Var það einnig samþykkt af nefndinni að þess-samningur við Sigurð skyldi hafa gildi frá 1. í næsta mánuði, þannig að styrkur sá er lagður hefir verið með honum og systkynum af fátækra-sjóði þá hverfi.

8. Formaður tilkynnti að Ásdís Daðadóttir þetta ár væri komið fyrir hjá Sveini í Sauðagerði fyrir 8 kr. meðgjöf mánaðarlega.

9. Kom til tals að nauðsynlegt mundi vera að ráðstafa sem fyrst Ingibjörgu Eiríksdóttur í Hlíðar-húsum í görðum samastað. Bað formaður nefndina fyrir næsta fund að vera búin að útvega henni stað.

10. Tilkynnti formaður nefndinni bréf Landshöfðingja dags. 30. janúar p.á. viðvíkjandi Einari Ingimundssyni í Skálholtskoti.

11. Tilkynnti formaður að Sigríður Jónsdóttir í Sjáfar-götu hefði þegið 6 króna styrk hér af fátækra-sjóði og yrði eptirleiðis að leggja henni og var það samþykkt.

~~Fundi~~

12. Var fátækrastjórninni birt bréf Amtmanns um Ólaf Ólafsson dags. 30. f. m. með fylgiskjölum þarsem hann kvartar yfir því að fátækrastjórnin hafi synjað sér um leyfi til þess að setjast hér að. Nefndin fann, eptir að hafa kynnt sér þessi skjöl, engi ástæðu til þess að breyta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áliti sitt um þennan mann.

Fundi sagt slitið

E. Th. Jónassen G. Þórðarson P. O. Gíslason
Jón Þórðarson Ólafur Guðlaugsson
B. Bjarnason

Ár 1880 h. 26. febrúar átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1º tilkynnt bréf Amtsins dags. 16. þ. m. um að Magnúsi Pálssyni á Litlaseli sé veitt hér tómthúsmennsku leyfi.

2º Var lagt fram bréf dags. 12/1 þ. á. frá konunni Guðríði Guðmundsdóttur á Akranesi um að fá hér aðsetursleyfi að vori komandi; með því nefndinni er ókunnugt um ástæður þessarar konu, þá ályktaði nefndin að útvega frá henni betri upplýsingar um þetta atriði en bréf hennar inniheldur, áður en nokkur ákvörðun yrði tekin um þetta mál.

3º Lagt var fram bréf frá Guðmundi Magnússyni á Sólmundarhöfða á Akranesi dags. 24. febr. þ. á. ~~dags.~~ þarsem hann beiðist leyfis fátækranefndarinnar til þess að mega setjast hér að í tómthúsmennsku á komandi vori. Var það leyft.

4º Var þá lagt fram bréf frá Jóni Ívarssyni dags. 24. þ. m. nú í Nikulásarkoti. Nefndinni leizt að ekki ætti að veita ~~þetta~~ tómthúsmennskuleyfi það er þessi maður beiðist, því að hann sé fátækur og heilsutæpur og talsvert drykkfelldur og því vegna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki muni geta orðið félagi þessu til uppbygg-
ingar.

5o. Lagt fram bréf dags. 12. febr. frá Einari Guðmundar-
syni til Amtsins ásamt Amtsbréfi um það 18. þ.
m., í hverju Einar þessi ber sig upp undan því orð
umtið að ~~þá~~ sé af fátækranefndinni hafi verið
~~be~~ synjað um leyfi hér til tómthúsmennsku.
Nefndinni kom saman um að rannsaka betur
ástæður þessa manns áður en Amtinu yrði svarað
um hann.

6o. Nefndinni tilkynnti Guðm. Þórðarson fátækrafull-
trúi að Ingibjörg Eiríksdóttir væri komin út á
Stórasel til Sveins Ingimundarsonar og hefði hún
farið þangað.

7. Tilkynnti formaður að Egill Guðnason á Seli
hefði beðið um styrk handa 2 börnum sínum
úr fátækrasjóði og hefir formaður fengið hjá hon-
um vist og verustaði þessara barna. Sam-
þykkti fátækranefndin það uppá væntanlegt
endurgjald frá framfærsluhreppi móður barn-
anna, sem er Akraness-hreppur.

Fundi sagt slitið

E. Th. Jónassen G. Þórðarson P. O. Gíslason
Ólafur Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880 h. 11. Marts hélt fátækranefndin fund með sér og var þá þar tekið fyrir:

1° Tilkynnt bréf Amtsins dags. 6. þ. m. er staðfestir synjun fátækranefndarinnar á húsmennskuleyfi til Ólafs Ólafssonar.

2° Lagt fram bréf frá Jóni Helgasyni í Lýðsbúð um að fá meðgjöf með barni Egils Guðnasonar; kom nefndinni saman um að hún gæti ekkert átt við þetta bréf, en að það yrði að vísa Jóni til föðursins uppá þessa meðgjöf.

3° Lagt fram bréf dags. 3. Marts frá Sigurði Björnssyni um að fá 1 árs húsmennskuleyfi; í nefndinni kom saman um að neita beiðandanum um þetta leyfi, ekki einungis að því leyti að hann biður um það uppá 1 ár, heldur líka af því að beiðandinn er alþekktur iðjuleysingi og flakkari.

4° Lagt fram bréf dags. 6. Marts frá Þórði Þórðarsyni frá Reykjakoti í ~~Ölvesi~~ Biskupstungum um að fá að setjast hér að í tómthúsmennsku í vor með konu sinni og var það leyft.

5° Lagt fram bréf, dags. 29. febrúar frá Hildibrandi Kolbeinssyni á Ottarsstöðum þarsem hann gefur upplýsingar um það hvernig á högum sínum standur útaf því að hann hefði beiðst hér aðsetursleyfis til tómthúsmennsku. Var honum nú veitt leyfi til tómthúsmennsku.

6° Lagt fram bréf dags. Sveini Guðmundssyni á Krókssstöðum í Miðfirði um að fá að setjast

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hér í tómthúsmennsku með konu sinni og
var það leyft.

7o Lagt fram bréf frá hreppsnefndinni á Kjalar-
nesi um að fá leyfi fyrir Gísla Þorsteinssyni
á Litlabæ framvegis hér í bænum. Nefndin
vill leyfa það næsta ár, með því móti að
hann flytjist þá héðan að vori 1881 og með
því móti að Kjalarness-hreppsnefnd taki á
sig 2 elztu börn Gísla frá honum, er
nefndin hér álítur nauðsynlegt.

Fundi sagt slitið

E Th Jónassen G Þórðarson
P O Gíslason Þ. Þorsteinsson B Bjarnason
Ólafur Guðlaugsson

Ár 1880 h. 22. apríl átti fátækranefndin fund með
sér og var þá tekið fyrir:

1. Beiðni frá Þórði Halldórssyni í Hákoti um
að mega setjast hér að í næstk. fardögum
í tómthúsmennsku. Var það leyft.
2. Beiðni frá Margrétu Guðmundsdóttur í Skaptabæ
um að fá 1–2 krón. meira um mánuðinn úr
fátækrasjóði og var það veitt að hún fengi 8 k.
eptirleiðis fyrst um sinn
3. Var beiðni Magnúsar Bergsteinssonar á Helga-

stöðum dags. 5. apríl þ.á. lögð fram áhrærandi 20 kr. styrk af fátækrafé og ~~þ~~ fellst nefndin á að bæjarfógeti hefði samþykkt að leggja Magnúsi þennan styrk.

4. Var lagt fram bréf frá ~~Magnúsi~~ Þorkeli Jónssyni hreppsnefndar-oddvita í Grímsnes-hreppi dags. 20 Marz þ.á., þarsem hann beiddist þess að Magnús Símsson á Melnum fái að vera hér í bænum næsta fardaga-ár. Var því neitað af nefndinni með því að Magnús að eins hefði fengið leyfi til þess að fá hér dvöl til næstkom. fardaga.

5. Lögð fram beiðni frá Steinunni Hólter dags. 20. f.m. um að útvega henni húsnæði á næstkomandi krossmessu. Var fátækrastjóra Bjarna Bjarnasyni falið á hendur að annast um þetta.

6. Lögð fram beiðni frá Einari Ingimundarsyni um að fá hér tómthúsmennskuleyfi. Var þessu máli frestað til næsta fundar.

7. Var rætt um að Jóni Ívarsson í Nýjabæ hefði borið sig upp undan því við Amtið að honum hefði verið neitað um tómthúsmennskuleyfi hér og ákvað nefndin hér eptir að hafa fengið ítarlegri upplýsingar um þennan mann og hagi hans að veita honum hér tómthúsmennskuleyfi.

Með því ekki var fleira fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að taka á var fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen
Jón Þórðarson   [illegible]

Ár 1880 h. 13. Mai átti fátækranefndin fund með sér og var þar á tekið fyrir:

1. Var þá aptur tekið fyrir beiðni frá Einari Ingimundssyni um húsmennskuleyfi (sjá fyrri fund.) og var honum veitt þetta leyfi.

2. Guðmundur Þórðarson fátækrafulltrúi skýrði frá því að Steinunni Hölter hefði verið útvegað húsnæði í Hólakoti hjá Kristínu ekkju þar.

3. Var lögð fram beiðni frá oddvita hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi dags. 24. april þ. á. um að Þórunn Sigurðardóttir ekkja frá Bakka þar í hreppi fái hér húsmennskuleyfi; nefndin vildi ekki veita þetta leyfi þareð þessi ekkja væri á sveit í Seltjarnarneshreppi.

4. Tjáði formaður nefndinni að Ingunn Magnúsdóttir í Melshúsum hefði tilsagt gamalmenninu Guðríði Þorleifsdóttur frá næstkomandi fardögum. Var nefndinni falið á hendur að útvega handa henni verustað.

5. Pétur Gíslason fátækrafulltrúi tilkynnti að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

barnið Egilsdóttur hefði hinn 4. f. m. verið komið fyrir hjá Guðmundi Magnússyni í Brekkuᵈ.

Með því eigi var fleira fyrir að taka á var fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen G. Þórðarson

P. O. Gíslason Jón Þórðarson

Bæjarfógetinn bayaði á ofannefndum fundi til fátækrafulltrúanna þessar sektir:

| | | |
|---|---|---|
| 1/ þrí Jóni Sigurðssyni | 5 kr. | |
| 2 — Lambertsen | 3 — | |
| 3 — Ólafi Olafssyni | 5 — | |
| 4. — Einari Eiríkssyni | 3 — | |
| 5 — Sigríði Guðmundsd. | 7 — | |
| | 23 | |
| 6. — Kristbjörgu Níelsd. | 2 | 25 kr. |

E. Th. Jónassen

Ár 1880 h. 27. Mai átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1º) lagt fram beiðni frá Vigfúsi Þorvaldssyni frá Þerneyjarnesi í Grímsnesi dags. í gær um að fá bæjarleyfi hér; var það veitt.

2º Lagt fram Beiðni dags. 26. mai frá Jóni Jónssyni á Grímsstöðum um hið sama. Þessu máli var frestað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3o. Bréfi frá ~~bóanda~~ á Grímsstöðum Þóri Thorsteinssyni um hið sama; dags. 24. þ. m. Var það leyft.

4o. Bréf frá hreppsnefndinni í Garðahreppi um Pál Pálsson snikkara sál., er hreppsnefndin þar álítur hér hafa átt sveit, þegar hann dó. Nefndin fól formanni á hendur að svara þessu bréfi, og vill ekki framar nú en áður viðurkenna að sveitfesti Páls hafi verið hér.

5o. Ingibjörg Guðmundsdóttir í Stuðlakoti biður um húsaleigustyrk 12 Kr.; var það veitt.

6o. Bréf frá Sandvíkurhreppi um Odd Halldórsson að hann fái að vera hér; var því frestað að veita hreppsnefndinni ádrátt um að Oddur fengi að vera hér, þangað til að hreppsnefndin í greindum hreppi hefði borgað skuldir Odds til fátækrasjóðs.

7o. Nefndinni tilkynnt bréf sýslumannsins í Kjósar og Gullbringusýslu dags. 16. maí þ. á. viðvíkjandi skuld Ástríðar Þorvaldsdóttur fyrir legu hennar á sjúkrahúsinu hér.

8o. Ávísaði nefndin~~ni~~ reikning fyrir húsaleigu handa Guðm. Ingimundarsyni frá Guðm. Halldórssyni frá 15. jan. – 14. maí þ. á.

9o. Bréf frá Bened. Ásgrímssyni um klæðnað handa barninu Símoníu Guðrúnu Ingimagnúsdóttur, sem hann hefir beðið af nefndinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bréfið er dagsett í dag. Nefndin vill láta Benedikt fá 4 krónur til nærfatnaðar handa ~~Benedict~~ barni þessu.

10. Lagt fram bréf frá Guðbrandi Guðbrandssyni dagsett 26. mai þ.á. viðvíkjandi húsaleigu er hann eigi hjá ekkjunni Hólmfríði Magnúsdóttur.

Með því ekki var frekara fyrir að taka, þá var fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen P. O. Gíslason
Ólafur Guðlaugsson

Ár 1880 h. 3. júní setti og hélt bæjarfógeti E. Th. Jónassen fátækrafund:

1. Lagt fram bréf með 1. fylgiskjali frá Þóri Eilindssyni á Grímsstöðum um að mega setjast hér að í tómthúsmennsku. Var það leyft, en þó vildi nefndin hafa það í skilyrði fyrir leyfinu að því sýndist hér sveitlægan.
2. Bréf frá Gísla Gíslasyni frá Nesi í Selvogi dagsett 26. f.m. um að mega fá hér aðsetursleyfi að vori 1881; var það veitt.

Frekara var eigi fyrir tekið.

E. Th. Jónassen
G. Þórðarson Jón Þórðarson
Ólafur Guðlaugsson B. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880. h. 10. júní átti fátækranefndin fund með sér og var þar tekið fyrir:

1° Lagt fram bréf frá Guðmundi nokkrum Jónssyni (frá Álftanesi) dags. 1. júní um að mega fá hér tómthúsmannsleyfi. Var þessu máli frestað til næsta fundar til þess að fá nákvæmari upplýsingar um manninn.

2° Var tekið fyrir aptur bónarbréf frá Jóni Jónssyni á Grímsstöðum, er lagt var fram á fundi 27. f. m. Réði nefndin af að neita þessum manni hér um tómthúsmennsku, þareð hann væri félaus og nokkuð talsvert drykkfelldur.

3° Skýrði formaður frá að Guðrún Kristjánsdóttir í Kristjáns-húsi hefði sagt sér að hún gæti ekki haldið lengur Mörthu Lárusdóttur, enda hefði hún legið þar veik í 1½ mánuð. Nefndin ályktaði að borga ~~fyrir~~ Guðrúnu fyrir legu Mörthu 15 Kr., og að fá Guðrúnu til þess gegn meðgjöf að halda Mörthu svo áfram að minnsta kosti fyrst um sinn. Var svo Jóni Þórðarsyni falið á hendur að semja um þetta við Guðrúnu.

4° Guðmundur Þórðarson skýrði frá að Þórdís Jónsdóttir frá 1. þ. m. ætti heima í Bala hjá ~~Guðrúnu~~ Friðrikku Guðmundsdóttur.

Fundi sagt slitið

E Th Jónassen G Þórðarson

Jón Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á 1880 h. 24. júní var á fundi fátækranefndarinnar tekin fyrir þessi mál.

1°. Lagt aptur fram bréf frá Guðmundi Jónssyni það hið sama og var áður lagt fram á fundi og var það samþykkt, að hann fengi hér bæjarleyfi.

2°. Var talað um að fátækrafulltrúarnir ættu útvega bæjarfógeta lista yfir það aðkomufolk, sem nú væri hér í óleyfi.

3°. Skýrði formaður frá að hann hefði orðið að gefa með Jóni Jónssyni („Skánka"). Var það samþykkt.

4°. Skýrði fátækrafulltrúi Bjarni Bjarnason frá því að hann hefði komið drengnum Guðm. Kristin Guðmundssyni fyrir hjá Jóni Jónssyni í Skipholti gegn 60 kr. árl. meðgjöf, og

5°. Gat um að Jón Loptsson mundi vera hér í óleyfi í tómthúsmennsku.

Fundi sagt slitið

E. Th. Jónassen G. Þórðarson P. O. Gíslason
Jón Þórðarson B. Bjarnason

Á 1880 h. 12. ágúst átti fátækranefndin fund með sér og kom þá til umræðu:

1. bréf frá Suðuramtinu, dags. 28. júní þar sem hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sendi umkvörtun Jóns Jónssonar á Grímsstöðum yfir því að hann hafi fengið synjun fátækrastjórn-arinnar hér uppá beiðni sína um að mega setjast hér að árlangt í tómthúsmennsku með konu og 1 barni. Fátækranefndin áleit að hún ekki gæti veitt þetta 1 árs leyfi er Jón Jónsson hér biður um og hélt svo að öðru leyti til þess er hún áður hefir tekið fram um þennan mann, er hún á að segja sjálf-komnum án atvinnu hér.

2. Lagt fram bréf frá Kristínu Guðmundsdóttur í Hólakoti dagst. 7. þ. m. um að hún þurfi að fá hjálp til þess að gera að bæ hennar. Var þeim Bjarna og Guðmundi Þórðarsyni falið á hendur að skoða bæinn fyrst og láta gera nauðsynlega aðgerð við hann fyrir haustið.

3. Formaður skýrði frá að Þórður skóari fengi ekki að vera lengur hjá Guðrúnu Tómásdóttur, en hún hefði tilsagt honum til 1. októb. Skoraði formaður því á nefndina að útvega honum samastað fyrir þennan tíma.

4. Var ákveðið að láta Jón í Skipholti fá 80 kr. um árið með Guðr. Kristínu Guðmundsdóttur, er til hans hefði farið í vor.

5. Var við tekið að gefa 60 kr. um árið með Bjarna Þórðarsyni unglingspilti, er var hjá Sigurði Guðmundssyni í Skildinganesi síðan 1. júlí.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Var borin upp beiðni frá Guðmundi Halldórssyni á Bergsstöðum um að fá hjálp til þess að koma upp kú yfir sig; var það samþykkt að hjálpa Guðmundi til þess.

Var þá talað um flutning á Guðmundi Guðmundssyni (í Landagerði) inn aðra helgi.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen  G. Þórðarson  P. O. Gíslason

Jón Þórðarson  Ólafur Guðlaugsson

K. Bjarnason

Ár 1880 h. 26. august átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1., Lögð fram beiðni frá Þorv. Klængssyni dags. 26. aug. þ. á. um hækkaða meðgjöf með Guðríði Þorkelsdóttur. Leit nefndin á það sanngjarnlegt væri að Þorvaldur fengi meiri meðgjöf með nefndum kvenmanni en áður, ef hún færi að liggja rúmföst, en áleit réttast að fresta fyrst um sinn að ákveða upphæð meðgjafarinnar.

2. Bar formaður það fram að Magnús Einarsson í Melkoti vildi fá hærri meðgjöf með Margrétu Guðmundsdóttur en hann hefði haft, og þóttist nefndin sig eptir kringumstæðum fúsa á að gefa með greindu gamalmenni 12 krónum um mánuðinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3º. Lagt fram bréf frá Kristjáni Hróbjartssyni um hjálp og ályktaði fátækranefndin að hjálpa honum eptir þörfum.

4º Bréf frá Önnu Sigurðardóttur um hjálp handa henni með nýfæddu barni hennar og var samþykkt að hjálpa henni uppá endurgjald frá framfærsluhreppi hennar (Helgafells-sveit.)

5º Var lagt fram bréf frá Jósepi Jónssyni í Bálsbæ um að fá hér bæjarleyfi og var því neitað sökum þess að Jósep væri mesti drykkjumaður og óreglumaður.

6º Á fundi þessum mætti dómkirkjupresturinn séra Hallgr. Sveinsson og stakk hann uppá að þessi börn fengi styrk úr Thorkillii sjóði:

7º.

| | medgjöf | | skólap. |
|---|---|---|---|
| Ingvar Gestmundur Nikulásson : | , | — | 20 |
| Þórður Jóhann Jensson . . | 40 | — | 20 |
| + Sigurður Valdem. Bjarnason 13/10 | 80 | — | 20 |
| Jórun Rannveig Einarsdóttir . . | 80 | — | 20 |
| Magnús Hjaltested . . | 40. | — | 20 |
| Magnús Guðnason . . | , | — | 20 |
| Halldór Halldórsson . . | , | — | 20. |
| Pjetur Levinsen . . | , | — | 20 |
| Rósa Jónsdóttir . . . | , | — | 20 |
| Guðjón Jósepsson . . . | 80 | — | 20 |
| Hannesson . . . | | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að ekki var fleira fyrir að taka þá var fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen. Hallgr. Sveinsson. G. Þórðarson
B. Kristjánsson

Ár 1880 h. 9. september var fátækrafundur haldinn af fátækranefndinni og kom þá til umræðu:

1., tilkynnti Ólafur Guðlaugsson fátækrastjóri að Þórði Þórðarsyni skóara hefði verið komið fyrir hjá Þórði Guðmundssyni í Görðunum fyrir 160 króna árl. meðgjöf.

2., Var samin áætlun yfir tekjur og gjöld fátækrasjóðs fyrir árið 1881:

Tekjur

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Vextir af skuldabréf. fátækrasj. | 36,00 |
| 2. | Tekjur af fasteignum . . | 40.00 |
| 3. | tíund til fátækra . . . | 210.00 |
| 4. | tekjur af arðberandi höfuðst. | „–„ |
| 5. | sektir til fátækrasjóðs . . | 30.–„ |
| 6. | hundaskattur . . . . . | 20.–„ |
| 7. | innkom. fyrir veitt. sveit. ómaga | 50.–„ |
| 8. | Ýmsar tekjur þar í lán, er kunna að endurborgast . . . | 600.–„ |
| | | Kr: 986,00 |

# Gjöld.

| | |
|---|---|
| 1. til aðstoðar og framfæris ómögum | 4.800 |
| 2. til þurfamanna | 1,000 |
| 3. " vitstola | 1.000 |
| 4. greptrunarkostnaður ómaga | 150 |
| 5. Lögflutningur þurfamanna | 50 |
| 6. fátækralyf | 120 |
| 7. Önnur útgjöld | 500 |
| alls Kr.: | 7620 |

verður þá mismunur á tekjum og gjöldum 6634 kr. sem þarf að jafna niður á gjaldendur bæjarins.

Þareð ekki var meira fyrir að taka þá var fundi sagt slitið.

E Th Jónassen G Þórðarson
P O Gíslason Ólafur Guðlaugsson

Á 1880 hinn 5. oktober þá var aukafundur haldinn í fátækrastjórninni og var þar þá tekið fyrir:

1. Var lagt fram bréf frá Suðuramtinu dags. 4. oktober þar sem hann biður um álit fátækranefndarinnar um kvörtun Þorsteins Einarssonar útaf því að fátækranefndin hefir

synjað honum um aðsetursleyfi hér í bænum.
Vill fátækranefndin að formaður hennar rannsaki betur þetta mál og svari svo Amtinu, en leizt ekki að veita Þorsteini hér aðsetursleyfi.

2.) Var ávísað reikning fyrir legu Margrétar Guðmundsdóttur á sjúkrahúsinu í sumar 56 kr. 56 a.

3.) Lagði formaður fram reikning yfir legukostnað stúlkunnar Ingveldar Guðmundsdóttur á sjúkrahúsinu, sem Lector S. Melsteð óskar að fátækranefndin vildi sjá um borgun á úr fátækrasjóði þareð stúlkan mundi hér sveitlæg, en vill þó sjálfur þarf borga 30 krónur; einnig var af honum óskað að fátækranefndin sæi henni fyrir samastað í vetur; en kvaðst skyldi láta hana fá kost vetrarlangt, ef hún gæti gengið heim til sín eða látið sækja hann til sín. Var mál þetta frestað til næsta fundar.

4.) Bar formaður það uppi fyrir nefndinni að það þyrfti að útvega samastað stúlkunni Sigurlínu Vigfúsdóttur, sem nú væri komin undir ákæru fyrir þjófnað, og ekki ætti neinn stað sér vísan í vetur; lofaði nefndin sem fyrst að gera gangskör að þessu.

5. Lagði fátækranefndin það á vald formannsins að koma nú utan með næstu póstskipsferð á svo billegasta og hagkvæmasta hátt dóttur Egils Jónssonar bókbindara Elisabetu er var útskrifuð, og sem bæjarstjórnin hefði gefið fátækrastjórninni heimild til að láta fara utan.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Var af formanni skýrt frá að hann í sumar hefði orðið að leggja út af fátækrasjóði rúma 16 krón. til undirhalds holdsveikri stúlku Sigríði Magnúsdóttur frá Reykjarfirði í Suðurfjarðarhreppi í Barðastrandarsýslu, sem fátækranefndin samþykkti og fól formanni á hendur að ná skuld þessari inn sem fyrst hjá réttum hlutaðeigendum.

7. Samþykkti fátækranefndin að formaður mætti kosta til þess að láta fullgera bæ þann, er Guðm. Halldórsson á að fá hjá fátækrastjórninni eða réttara sagt hún hefir kostað handa honum í sumar.

8. Ólafur Guðlaugsson fátækrastjóri fór fram á að fátækrastjórnin fengi sínum 10 krón. fyrir undirhald á ~~legu~~ Margrétu Jónsdóttur í síðustu legu hennar og var það samþykkt.

Var fundi svo sagt slitið

E. Th. Jónassen G. Pétursson

P. O. Gíslason Þ. Þórðarson Ólafur Guðlaugsson

Ár 1880 hinn 18. Oktober átti fátækranefndin fund með sér og var þá þá tekið fyrir:

1., Formaður lagði fram bréf frá Árna Halldóri Hannessyni frá Fossi í Staðarsveit dags. 20. s.m. þar sem hann beiðist ~~stoyst~~ leyfis að mega

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

setjast hér að í bænum á næstkomandi vori. Fátækra-
nefndin samþykkti að veita þessum manni, ef hún
ekki þekkir, leyfi til þess að setjast hér að fyrst
um sinn 1 ár.

2. Var Andrési Jónassyni vinnumanni giptum hér í
bænum leyfð tómthúsmennska frá næsta ári kross-
messu.

3. Gat formaður þess að Madme Lambertsen hefði
fengið 8 krónu styrk fyrir fáum dögum úr fá-
tækrasjóði og fól fátækranefndin formanni-
num ~~honum~~ að veita henni styrk framvegis
eptir þörfum. Að öðru leyti var ákveðið að
þörf mundi á því að skoða á heimili Lam-
bertsens, hvort það ekki væri bjargarlaust.

Með því ekki voru fleiri fyrir tekið þá var fundi
sagt slitið.

E. Jónassen

Ólafur Guðlaugsson Jens Þórðarson G Þórðarson P O Gíslason
B Bjarnason

Ár 1880 h. 11. nóvember átti fátækranefndin
fund með sér og var þá tekið fyrir:

1º Formaður lagði fram bréf frá Einari Einars-
syni dags. 27. f. m. þarsem hann beiðist sam-
þykkis fátækrastjórnarinnar til þess að mega
gipta sig þrátt fyrir það þó hann hafi þegið
fátækrastyrk. Fátækranefndin var samhuga
á því ekki að geta gefið honum það umbeðna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

giptingarleyfi.

2º. bréf frá Þorsteini Jónssyni þar sem hann óskar um viðbót á meðgjöf með tengda-móður sinni Margrjeti Guðmundsdóttur úr fátækrasjóði. Nefndin leizt ekki að svo stöddu að veita þessa viðbót, sem einkum ætti að verja til meðalakaupa, nema því að eins að lækninum fyrirskipaði það.

3º. Lagði fram bréf frá Bergljótu Jónsdóttur húskonu í Vamma um að fá nú húsmennskuleyfi. Var það veitt.

4º. Lagt fram bréf frá Hans Adolph Guðmundssyni á Hamrahlíð dags. 1. þ. m. um að fá húsmennskuleyfi frá næstu krossmessu. Var það veitt.

5º. Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu viðvíkjandi fátækraflutnings á Bjarna Sigurðsyni dags. 15. sept. þ. á.

6º. Bar fátækrastjórnar formaður það upp við nefndina að ekkjan Guðbjörg Oddsdóttir hefði farið þess á flot við sig að nefndin útvegaði sér fyrirvinnu. Var nefndin því samþykk að það væri gert og gat formaður þess að ekkjan hefði bent á vissan mann, og lofuðu þeir Guðm. Þórðarson og Pjetur Gíslason að umgangast þetta.

7º. Bar formaður upp þá beiðni Þorvaldar Klangssonar að hann fengi hækkaða meðgjöf með ómaganum Guðríði Þorkelsdóttur, sem væri orðin karlæg; samþykkti nefndin að Þorvaldur fengi 20 krónur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viðbót við þessa árs meðgjöf.

8° Barst upp beiðni frá Jóni Jónssyni (Slakkam) um að fá styrk til húsaleigu hjá Kolfinnu Ögmundsdóttur. Bjarna fátækrastjóra falið á hendur að sjá um þetta.

9° Ólafur Guðlaugsson fátækrastjóri skýrði frá því að Jón Jörgensson sé fluttur að Bakkabæ frá Þorst. Jónssyni pólití 1. nóvemb.

10° Hann tilkynnti að Einar Jónsson væri fluttur frá Sveinbjörnssen til Jóns Jónssonar í Skipholti gegn 30 kr. meðgjöf til vors.

11. Var talað um að ráðstafa þyrfti Símoníu ~~Sigríði~~ Magnúsdóttur úr þeim stað, er hún væri í, þareð það ekki þætti fara vel um hana.

Með því ekki var frekara að fyrir taka þá var fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen G. Þórðarson P. O. Gíslason
Jón Þórðarson Ólafur Guðlaugsson
B. Bjarnason

Á 1880 h. 8. December átti fátækrastjórnin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1° Var fátækranefndinni tilkynnt bréf Amtsins dags. 24. nóvember þ. á. um Þorst. Einarsson, er staðfestir þá ráðstöfun nefndarinnar er synjar honum um Tómthúsmennskuleyfi:

2° Lagði formaður fram bréf dags. 24. okt. þ. á. frá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðmundi nokkrum Jónssyni á Kolkhól í leiru er biður um bæjarleyfi, en með því hann í þessu bréfi sínu ekki segir neina deili á sér, þá leizt því nefndinni ekki að taka tillit til þessarar beiðni að svo stöddu, en leita frekari upplýsinga um hann.

3º Skýrði formaðr frá því að ~~ekkjan~~ kona Margrét Ívarsdóttir pósts- var flutt á sjúkrahúsinu og þar hefði ekki fengizt neinn staður handa henni annar og hún var veik.

4º Var talað um að Jóhann Heilmanns fólk mundi bjargarlaust og kvaðst formaðr að kona Heilmanns hefði kvartað við sig; kom nefndinni saman um að styrkja það mánaðarlega nema fyrst um sinn 6 krónur.

Með því ekki var frekara að fyrirtaka þá var fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen G Þórðarson
Jón Pjetursson P O Gíslason
K Bjarnason Ólafur Guðmundsson

Á 1880 h. 23. december átti fátækranefndin fund með sér og var þá tekið fyrir:

1.) Lagt fram bréf dags. 22. des. þ. á. frá Árna Gíslasyni þarsem hann sækir um leyfi til þess að konráð inn í bæinn sinn tómthúsmaður fyrir Þorkel Pjetursson. Var það samþykkt.

2.) Lagt fram bréf dags. 15. desemb. þ. á. frá Stephání

Þórðarsyni á Hólum í Biskupstungum um að fá hér leyfi til tómthúsmensku frá næstkomandi krossmessu, var það samþykkt.

3º Lagt fram bréf frá Árna Jónssyni á Sveinskoti á Álptanesi um að fá hér leyfi til tómthúsmensku frá næsta vori. Nefndinni leizt að fresta úrslitum þessa máls til síðar og leita svo upplýsinga um hagi þessa manns.

4º Var lagt fyrir fátækrastjórnina að leggja þyrfti úr fátækrasjóði með drengnum Magnúsi E. Hjaltested 80 krónur frá því í miðjum ágúst þ.á., þareð hann áður hefði haft uppeldisstyrk úr Thorkelii sjóði, en nú hefði misst hann, en faðir hans ekki megnaði að gefa með honum.

5º Var lagður fram reikningur frá sjúkrahúsinu í Reykjavík að upphæð: 84 kr. 49a fyrir legu Ingveldar Guðmundsdóttur; hefir húsbóndi hennar greitt af því 30 kr., en hitt verður að borgast af fátækrasjóði, með því nefndur kvennmaður engin efni sjálf hefir til að borga eptirstöðvar reikningsins, en unnusti hennar Erlendur Zakaríasson hefir lofað að endurgjalda fátækrasjóðnum greinda 54 kr. 49a á tveim árum. Var reikningurinn ávísaður.

6º Hreifði formaður því að Ingunni Magnúsdóttur í Melshúsum að hún vildi fá hækkun á meðgjöf með ómaganum Ragnhildi Símonardóttur eptirleiðis. Var skotið á frest að (að) gera út um það mál.

Fundi slitið

P. O. Gíslason  Olafur Guðlaugsson  E. Th. Jónassen  G. Þórðarson
[illegible]  Jón Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881 hinn 13. janúar átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

frá Hallgrími Jónssyni á Svalbarði á Álptanesi um

1. Beiðni (leyfi z. ~~til~~) að mega setjast að í tómt-húsmennsku hér í bænum á næstkomandi vori. Nefndinni kom saman um að fresta þessu máli til næsta fundar og leita upplýsinga um þennan mann.

2. Beiðni frá Eyvind. Eyvindssyni á Tröð á Álftanesi um hið sama; í þessu máli líka frestað til næsta fundar af sömu ástæðu og hið fyrra.

3º Sömuleiðis frá Otto Helga Guðlaugssyni frá Oddgeirsbæ um tómthúsmennskuleyfi hér; var það veitt.

4º. Do frá Jóni Jónssyni á Litlabæ í Garði um hið sama. Með því það virðist af bréfi hans dags. 18. desemb. f. á. til fátækrastjórnarinnar, sem þessi maður sé óreigi, þá leizt nefndinni að neita honum alveg um hið umbeðna leyfi.

5º beiðni frá Guðm. Magnússyni á Kirkjubóli dags. 12. þ. m. um að fá að setjast hér að í bænum næsta krossmessu-ár. Nefndin álítur að hún ekki geti gefið 1. árs leyfi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6o. Þareð Aðalbjörg Jónsdóttir í Suðurkoti hefir beðið um styrk úr fátækrasjóði; var það samþykkt. Bréf hennar var dagr. 10. janúar þ.á.

7. Gat formaðurinn þess að Magnús Bergsteinsson á Helgastöðum hefði beðið um 20 króna styrk gegn endurgjaldi frá hans þurfamannshreppi sem er Hvolhreppur í Rangárvallasýslu.

8. Ávísaður reikningur fyrir húsaleigu frá Valg. Ólafssyni Breiðfjörð fyrir novemb. og desember 14 krónur.

9. Varð þá ákveðið meðlög með hinum föstu ómögum hreppsins og ákveðinn styrkur handa þurfamönnum.

## I fastir ómagar

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Anna Ásmundsdóttir + | 14 ára | hjá Jóni á Melum á Kjalarnesi | 80 |
| 2. Einar Magnússon | | hjá Jóhönnu Einarsd. | 80 |
| 3. Guðm. K. Guðmundss. | 12 -- | hjá Jóni í Skiph. | 80 |
| 4. Haraldur Jónsson | 8 -- | hjá Ólafi Guðlaugs. | 80 |
| 5. Guðrún Jónsd. | 5 -- | hjá Tóm. Tómássyni á Lambhúsum | 80 |
| 6. Ásm. Gissurarson | 10 -- | hjá Steph. Jóhannessi | 80 |
| 7. Guðm. Gissurarson | 6 -- | – Einari Arasyni | 80 |
| 8. Jón Jónsson | 80 -- | – Bjarna Oddssyni í Garðhúsum | 80 |
| | | Alls | 640 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fl. 640

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 9. | Martha Pálsdóttir | 27 ár | hjá Guðrúnu Kristjánsd. | 88 |
| 10. | Guðríður Þorkelsdóttir | 77 – | – Þorvaldi Klængssyni | 80 |
| 11. | Ólafur Þórðarson | 12 – | – Sveini í Sandgerði | 80 |
| ~~12.~~ | ~~Bjarni Þórðarson~~ | ~~16 –~~ | ~~– Sigurði Guðmundss.~~ | ~~60~~ |
| 13. | Ólöf Jónsdóttir | 78 – | – Magnúsi Árnasyni | 120 |
| 14. | Salvör Ketilsdóttir | 84 – | – | 100 |
| 15. | Þorvaldur Einarsson + | 14 – | – Guðlaugi á Steinum (til 14. Mai = 20) | 20 ~~80~~ |
| 16. | Þorvaldur Ásmundsson | 12 – | – Jóni í Nýjaraholti | 80 |
| 17 | Ingibjörg Eiríksdóttir | | – – Sveini á Seli | 84 |
| 18. | Frímann Sigurðsson | | – – Guðl. á Steinum | 80 |
| 19. | Þórður Þórðarson eldri | 72 | – – Grímsstöðum | 180 |
| 20. | Solveig Einarsdóttir | | – – hjá Guðm. Jónss. Pálshúsi | 190 |
| 21. | Vilborg Magnúsd. | 5 | – – Guðm. í Kálfakoti | 80 |
| 22. | Ingvar Bjarni barn Ingibjargar Guðmundsd. | | – – á Tjarnarhúsum | 80 |
| 23 | barn Símonar Jónss. | | – – á Hausastaðakoti | 80 |
| 24. | Helga barn Diðriks Hölter | | – – Þórði Eiríkssyni á Norðurkoti | 80 |
| 25. | Sumarliði ~~Sigurð~~ Sumarliðadóttir | | – – Jóni Sigurðarsyni á Stadarh. | 80 |
| 26 | Benedikt Guðmundsson | í 2 | – – Klettakoti . . . | 80 |
| 27. | Jóhannes Guðmundss. í Móakoti | | – – í Móakoti . . . | 96 |
| 28. | Ingibjörg Guðmundsd. | | – – Reykjavík . . | 288 |
| 29. | María Margrét ~~[illegible]~~ Jónsdóttir (barn) | 13 – | – – á Bakka hjá Guðm. Jónssyni | 60 |

~~1656~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fl. ~~2596~~ 2536

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 30. | Aðalsteinn Þorláksson (barn) | | á Lambastöðum | 80 |
| 31. | Jón Torgrímsson . . | 13 ára | á Bakkabæ hjá J.G. | 80 |
| 32 | Ásbjörn Olsen . . . | 50 — | í Klettakoti | 144 |
| 33. | Þórdís Jónsdótt. . . . | | á Sigurð. Þórðarsyni að Skuggahverfsbæ | 60 |
| 34. | Guðríður Guðmundsd. með 2 börnum sínum | | í Hólakoti hjá Katrínu móður sinni | 80 |
| 35. | Jón Jónsson garðyrkju maður . | | á Selsbúð | 80 |
| 36. | Ásdís Daðadóttir . . | | hjá Brein í Sandag. | 80 |
| 37. | barn Diðriks Hölter | | hjá Þórði á Bjargi á Kjalarnesi . . . | 80 |
| 38. | Ólafur Guðnason (barn) | | í Þingholtum . . . | 80 |
| 39. | Sigríður Andersdótt. (8 kr. til 14 maí) | á lán | hjá Niels á Klöpp | 80 |
| 40. | Þórður Jensson (½ meðgjöf) | 13 ár | — Torf. í Hákonarbæ | 40 |
| 41. | Magnús Einarsson Hjaltested | | — Sigurð. Þórðarsyni að Skuggahverfsvegi . . . . | 80 |
| 42. | Simonía Guðrún Ingimagnúsdóttir | | hjá Guðrúnu ekkju Jónsdóttur í Hólshúsi | 80 |
| 43. | Elín Sigurðardóttir | | á Miðseli hjá Magn. Vigfússyni . . . | 120 |
| 44 | Kristrún Þorkelsdóttir | | hjá Torfa prentara . . | 120 |
| 45. | Jarþrúður Pjetursd. ekkja | | Steinsstöðum . (til 14/5 81.) | 84 |
| 46. | Bjarni Þórðarson | 16 ár | hjá Sigurð. í Skildinganesi | 22.50 |
| | | | Kr. | 3926.50 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| | | K. 3916.50 |
| 46. | Margrét Pálsdóttir með 1. barni í Brunnhúsum | 80 |
| | | 3996.50 |
| 47. | Þóri Ingimundsson á Selsholti | + 80.00 |
| | | 4076.50 |
| | | ÷ 60 |
| | | 4016.50 |

## II þurfamenn

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Anna ekkja Ásmundsdóttir | 100 |
| 2. | Margrét Einarsdóttir ekkja | 80 |
| 3. | Margrét Guðmundsdóttir | 100 |
| 4. | Ingiríður Ólafsdóttir á Bala | 40 |
| 5. | Pálína Ólafsdóttir ekkja | 60 |
| 6. | Kristín Guðmundsdóttir Hólakot | 48 |
| 7. | Einar Bjarnason á Melunum | 80 |
| 8. | Einar Magnússon í Skólabæ | 40 |
| 9. | Einar Hjaltested | 130 |
| 10. | Jóhann Heilmann | 80 |
| 11. | Helga Jónsdóttir gipt kona | 80 |
| 12. | Madme Lambertsen | 80 |
| 13. | Sigríður Jónsdóttir í Skáfargötu | 40 |
| 14. | Guðmundur Halldórsson | 50 |
| 15. | Ólafur Þorkelsson húsaliga | 30 |
| 16. | Þóri Jónsson (slaktari) | 40 |
| | | 1078 |

## III. vitstola menn.

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Ragnhildur Símonardóttir | 300 |
| 2. | Herdís Guðjónsdóttir | 144 |
| 3. | Sigurður Lýðsson | 150 |
| 4. | Elisabeth Egilsdóttir | 260 |
| | | 854 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því ekki var frekara að fyrirtaka þá var fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen G. Þórðarson
P. O. Gíslason Ólafur Guðlaugsson
B. Bjarnason

Ár 1881. h. 27. janúar átti fátækranefndin fund með sér og var þá tekið fyrir:

1° lagt fram bréf frá Guðmundi Jónssyni á Kotthól í Leiru dags. 14. þ. m. þar sem hann ítrekar beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi hér. Var það veitt.

2° Var rætt um beiðni Árna Jónssonar frá Sveinskoti á Alptanesi um að setjast hér að í tómthúsmennsku. Með því að nefndinni leizt, eptir þeim upplýsingum, er hún hefði aflað sér um mann þennan og ástæður hans frá Alptanesi, að þessi maður trauðlega geti komizt hér af, vill hún eigi veita hið umbeðna tómthúsmennskuleyfi.

3° Var rædd beiðni Hallgríms Jónssonar frá Svalbarði á Alptanesi, sem lögð var fram á síðasta fundi, um leyfi til tómthúsmennsku og var henni enn þá frestað til næsta fundar til þess að fá ítarlegri upplýsingar.

4° Eyvindi Eyvindssyni á Tröð í Alptanesi var neitað um húsmennskuleyfi af því hann væri öreigi eptir þeim upplýsingum, sem nefndin hefði útvegað sér hjá núverandi húsbónda hans.

5° Áritað reikningi frá apothekara Krüger fyrir þá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tekramedöl að upphæð 37 kr. 05 a.

6° Lagt fram bréf frá Jóni Loptssyni dagst. í gær um að fá hér tómthúsmennskuleyfi. Með því nefndin þekkir það til þessa manns að hann sé bæði ráðlítill og svo fátækur, þá vill hún ekki veita honum tómthúsmennskuleyfi hér í bænum.

Var svo ~~lagt~~ fundi sagt slitið

Elh. Jónassen G. Þórðarson
P. O. Gíslason B. Bjarnason

Ár 1881 h. 10. febrúar átti fátækranefndin fund með sér og var þar á tekið fyrir:

1. Skýrði formaður að Eyvindur Eyvindsson sá frá Tröð á Alptanesi, er neitað var um húsmennskuleyfi á fyrri fundi, hefði síðan sannað upplýsingar þær um efnahag hans sem húsbóndi hans hefði veitt nefndinni væri rangar, með því Eyvindur þessi hefði þó talsvert efni og kom nefndinni þá saman um að veita nú Eyvindi hið umbeðna leyfi til tómthúsmennsku.

2. Þá var tekið fyrir að nýju beiðni Hallgríms Jónssonar á Svalbarði á Alptanesi, en með því að nefndinni er kunnugt að téður maður, sem dvalið hefir hér 1 ár áður í Sandgerði, er mjög fátækur og heldur roskinn maður að aldri, þá lízt nefndinni ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að veita hið umbeðna leyfi fyrir hann til tómthúsmennsku.

3. Formaður skýrði frá að Þorvaldur Klængsson hefði beðið um að fá hækkaða meðgjöf með gamalmenninu Guðríði Þorkelsdóttur og var það samþykkt að hækka meðgjöfina um 20 kr. eða þannig að Þorvaldur fengi með henni 100 kr. á ári.

4. Með því að Þórður Arnason, (sonur Arna sál. í Grafarholti) sem í brefi dags. 1. þ. m. hefði beðið um tómthúsmennskuleyfi hér í bænum, er alþekktur auðvaleysingi og slæpingur, sem er talsvert drykkfelldur, getur nefndinni ekki komið til hugar að veita honum hið umbeðna leyfi.

5. Var ávísað reikningi yfir útfararkostnað yfir ~~hugv~~ Jóhönnu Guðmundsdóttur á Steinsholti að upphæð: 14 krónur.

6. Gat Gjaldkeri Þór Gíslason að Guðlaug Jónsdóttir á Steinum (Austurholti) hefði óskað að fá 16 kr. um mánuðinn með Herdísi Guðjónsdóttur til vorsins. Var það samþykkt.

Með því ekki var fleira fyrir að taka þá var fundi slitið.

Elh. Jónassen G. Þórðarson P. O. Gíslason
Jón Þórðarson Ólafur Guðlaugsson
B. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881. h. 24. febrúar setti og hélt fátækranefndin fund og var þá tekið fyrir:

1., Þórdís Jónsdóttir biður um 20 kr. viðbót úr fátækrasjóði við það sem fátækranefndin hefir ætlað henni. Fátækranefndin vill ekki láta Þórdísi hafa þessa viðbót í sjálfstæðismennsku með því hún getur ráðstafað henni í forsvaranlega stað fyrir það meðlag sem hún nú hefir og var formanni appálagt ~~henni~~ að tjá henni þetta.

2. Lagt fram bréf frá Amtinu dags. 21. þ. m. er hefir beðið um álit fátækranefndarinnar um meðfylgjandi klögun frá Jóni Loptssyni yfir því að honum hér hafi verið synjað um leyfi hér til tómthúsmennsku. Nefndin vill ekki breyta úrskurði sínum um þetta mál.

3. Lagt fram bréf dags. 19. frá Amtinu er hefir inni að halda umkvörtun frá Árna Jónssyni í Sveinskoti frá Álptanesi yfir því að honum hér hafi verið neitað um húsmennskuleyfi. Nefndinni kom saman um að láta standa við þann úrskurð er hún gerði á þessu máli 27. janúar þ. á.

4. Lagt fram bréf frá Amtinu dags. 12. febr. er hefir beiðni fátækranefndarinnar inni að halda um húsmennskuleyfi fyrir ekkjuna Þórunni Sigurðardóttur frá Eyði. Nefndin neitaði um að veita Þórunni þetta leyfi með skírskotun til þess sem er tekið fram um Þórunni á fund 13. mai f. á.

5. Var ákveðið að útvega Jóhönnu Guðmundsdóttur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á Steinsholti, þar e veik, annan samastað en þann sem hún nú hefir.

6. Lagðir 2 reikningar fram fyrir kostnað við að passa Jóhönnu Guðmundsdóttur í Steinsholti að upphæð: 10 kr. 50 a. og 12 kr. 50 a. og voru þeir samþykktir af nefndinni.

7. Gat formaður þess að sonur Sigurðar Sigurðssonar sálugu í Hólakoti Lúdvík væri kominn fyrir hjá Kristni Ólafssyni á Steinum gegn 80 kr. árlegri meðgjöf og hefði það gleymst að taka þennan ómaga á ómagaskrána í ár.

Var svo fundi sagt slitið

Ell. Jónasson G. Þórðarson P. O. Gíslason
Ólafur Guðlaugsson B. Kjörnesen

Ár 1881 h. 10. marts var fátækrafundur haldinn af fátækranefndinni og var þar þá tekið fyrir:

1° lagt fram bréf frá Birni Jónssyni frá Hamrakoti í Austurkyl dags. 9. Marts, um að fá leyft húsmennskuleyfi hér; var það veitt.

2° Bréf frá Knúti Filippussyni á Hvaleyri dags. 20. febrúar þ. á. um tómthúsmennskuleyfi uppá eitt ár. Kom nefndinni saman um að veita honum eigi og beiða hann leg. fyrir.

3° Bréf frá Guðmundi Guðmundssyni í Árbæ dags. 24. febr. þ. á. þar sem hann beiðist leyfis

hér til þess að setjast í tómthúsmennsku. Var það veitt.

4º. Bréf samlagt frá Guðmundi Þorgilssyni dags. 7. þ. m., þarsem hann beiðist leyfis til þess að mega setjast hér að í tómthúsmennsku; var það leyft. *app.*

5º. Ákvarðaði af fátækranefndinni eiðungar fyrir vöku yfir Jóhönnu Guðmundsdóttur a) til Sveins Brynjúlfssonar 8 kr. b) til Ólafs Jónssonar 3,75 kr. c) til Gísla Stefánssonar 8 kr. d) til Skúla Jónssonar 4. krónur *app.*

6º. Bar formaður það fram að honum hefði borizt fregn um að Guðmundur Halldórsson á Litlu Bergsstöðum mundi vera bjargarlaus og bað því eptir samkomulagi við fátækranefndina fátækrafulltrúann að gera aðsjón á heimili hans. *app.*

7. Skýrði oddviti frá því að komið hefði krafa frá Hafnarfirði frá Friðfinni Friðfinnssyni um að ráðstafa sem fyrst barni Oddbjargar Kolbeinsdóttur, er hér væri sveitlæg, og skýrði formaður frá því að hann hefði beðið oddvitann í Garðahreppi að koma þessu barni fyrir uppá vanalega meðgjöf til vors. *app.*

Með því ekki var fleira fyrir að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

taka, þá var fundi sagt slitið.

Ellert Jónassen G. Þórðarson

P.O. Gíslason Jón Þórðarson Ólafur Guðlaugsson
B. Bjarnason

Ár 1881 h. 24. marz átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1°. lagt fram beiðni frá Jóni Jónssyni á Flóagafli í Árnessýslu um tómthúsmennskuleyfi og var það veitt.

2°. Lagt fram bréf dags. 22. marz frá Sigurði Þórðarsyni á Ósgerði í Ölvesi, þarsem hann beiddist leyfis til tómthúsmennsku hér í bænum; var frestað að gera út um þessa beiðni þangað til nefndin hefði fengið betri upplýsingar um þennan mann.

3°. Skoraði formaður á hina aðstoðandi fátækrafulltrúa að hafa nú vakandi auga á hinum fátæku heimilum hér í bænum í þessari bágindatíð.

Með því ekki var frekara fyrir að taka, þá var fundi sagt slitið.

Ellert Jónassen G. Þórðarson

Ólafur Guðlaugsson B. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á 1881 h. 22. apríl átti fátækranefndin fund með sér og var þá þar tekið fyrir:

1° Bréf frá Jóni Eyjólfssyni á Katrínarkoti dags. 12. þ.m. um leyfi til tómthúsmennsku; var það leyft.

2° Bréf frá Jóni Jónssyni frá ~~Bergshyl~~ Steinsholti í bænum, þarsem hann sækir um tómthúsmennsku-leyfi fyrir Jón Guðmundsson á Bergshyl í Ytrahreppi í ~~Árnes~~sýslu. Var það leyft.

3° Bréf dags. 10. þ.m. frá Eiríki Guðmund. Árnasyni á Reynisvatni, þarsem hann biður um tómthúsmennskuleyfi hér; vegna þess að hann er óþekktur fátækrastjórninni var frestað að gera út um þetta mál þangað nefndin hefði fengið betri upplýsingar um þennan mann.

4° Bréf frá Gísla Gíslasyni á Stóra-Ármóti dags. 1. apríl þ.á. þarsem hann beiðist tómthúss-mennsku-leyfis; var það veitt.

5° Bréf frá Ólafi Björnssyni frá Lónshúsum í Garði dags. 16. þ.m., þarsem hann beiðist leyfis til tómthúsmennsku; var það veitt.

6° Tilkynnti formaður nefndarinnar að amtið hefði skrifað honum að landshöfðinginn hefði staðfest úrskurð amtsins um Bjarna Björnsson, er sveit á í Rangárvallasýslu í Austur-Landeyjahreppi.

7° Tilkynnt bréf Amtsins dags. 29. f.m. þarsem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Amtið felldi úr gildi úrskurð fátækranefndarinnar, er synjar Árna Jónssyni frá Sveinskoti á Alptanesi hér um tómthúsmennskuleyfi.

8º Formaður tilkynnti að Herdís Guðjónsdóttir hefði 1. april þ. á. farið frá Guðlaugi Jónsdóttur á Steinum til konunnar Guðrúnar Guðjónsdóttur.

9º tilkynnti formaður að amtið hefði skýrt frá að hann hefði fellt úr gildi úrskurð fátækranefndarinnar, er synjaði ekkjunni Þorláki húsinu á Bakka á Seltjarnarnesi um húsmennskuleyfi hér.

Með því ekki var frekara fyrir að taka þá var fundi sagt slitið.

Ell. Jónassen G. Þórðarson
Jón Þórðarson B. Björnsson

Ár 1881. h. 28. april átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. þá var enn að nýju tekið fyrir að ræða um beiðni Sigurðar Þórðarsonar frá Ösgerði á Ölvesi um að mega setjast að hér sem tómthúsmaður, og fann nefndin eptir þeim upplýsingum er það hefir fengið, ekki ástæðu til þess að neita Sigurði um leyfið.

2. Tilkynnti formaður bréf frá Níels Eyjólfssyni á Klöpp um að hann þyrfti að losast við barn Guðrúnar Þórðardóttur h. 14. maí þ. á. Fól nefndin fátækrastjórninni að komast eptir því hvar staður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

væri að fá handa þessu barni.

3o Var tekið fyrir aptur beiðni frá Elís Guðmundarsyni á Reynisvatni. En með því að nefndin barst eptir upplýsingum frá núverandi húsbónda Elírar og öðrum, er þekkja hann, hafa sumar sögur af því að hann sé drykkfelldur og ópakur maður við öl og auk þess fátækur maður, þá leizt nefndinni ekki að veita honum hið umbeðna leyfi.

4o Var samþykkt að láta Guðrúnu Jónsdóttur fá í uppbót fyrir viðurhald á Símoníu Ingimagnúsdóttur 10 krónur.

Frekar var ekki; sagt fundi slitið

E. Th. Jónassen

P. O. Gíslason Ólafur Guðlaugsson B. Bjarnason

Ár 1881, 12. Maí átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir.

1o Lagt fram bréf frá Amtinu dags. 28. f. m. þar sem það óskar álits fátækranefndarinnar um bréf Halgr. Jónssonar á Miðhúsum á Álptanesi, í hverju að hann ber sig upp undan því að fátækranefndin hér hafi synjað sér um tómthúsmannsleyfi. Nefndin álítur þennan mann óreiga og vill því ekki veita honum hér nú leyfi til tómthúsmennsku

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þannig en áður.

2º. Bréf frá Þuríði Þórðardóttur, dags. 3. þ. m., ekkju Gamalíels Oddss. um að mega setjast að hér í tómthúsmennsku með son sinn. Var það álit nefndarinnar að leyfa þetta svo framarlega sem hún geti útvegað frá sínum framfærsluhreppi skriflega skuldbindingu hans að fyrir því að hún ekki nokkurn tíma skuli verða þessu félagi hér til byrði. Hún er sveitlæg í Kjósarhreppi.

3º. Guðmundur Þórðarson fátækrafulltrúi hefir komið fyrir Jóhönnu Guðmundsdóttur hjá Jóni Einarssyni í Skildinganesi og gert. formaðr ráðstöfun fyrir að hún yrði þangað flutt.

4º. Formaðr skýrði frá því að Sigurður Guðmundsson í Skildinganesi hefði lofað eptirleiðis að halda Bjarna Þórðarson móti sömu meðgjöf og hingað til nfl. 60 kr. um árið og leizt nefndinni að samþykkja það.

5º. Bjarni Bjarnason ~~te~~ skýrði frá því að hann hefði útvegað verustað í Kjalarnesi hjá Þórði á Norðurkoti handa barni Guðrúnar Þórðardóttur á Klöpp (Sigríðar Andersdóttur). Var það samþykkt að láta barnið þangað gegn 80 kr. ársmeðgjöf.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen G. Þórðarson P. O. Gíslason
Jón Þórðarson Ólafur Guðlaugsson
B. Bjarnason

Ár 1881 hinn 19. Maí átti fátækranefndin fund með sér:

Kom þar til umræðu bréf frá Dr. Grími Thomsen á Bessastöðum dags. 19. þ. m. þarsem hann segist vilja fresta að út gefa sín auglýsingar á uppboð á lögteknum munum hjá Jóni Jónssyni landshöfðingjaritara, „ef hann úti hönd greiði formanni fátækranefndarinnar því 652 kr. 40 a sektir sem er hann á að gjalda fátækrasjóði eptir gegnum landsyfirréttardómi, eða geri það á annan hátt svo Reykjavíkur fátækrasjóður getur álitið fullbyggjandi". Útaf þessu bar formaður það undir fátækrastjórnina hvaða kosti í þessu tilfelli átti að ganga að hjá Jóni ritara og var það einu hljóði samþykkt að taka ekki annað gilt en annaðhvort peninga úti hönd eða þá kgl. Obligation fyrir þessi upphæð, sem að ofan er nefnt að Jón eigi að greiða fátækrasjóði.

Fundi sagt slitið

E. Magnússon G. Þórðarson Jón Þórðarson

Ár 1881. h. 31. Maí átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1° framlagt bréf frá Jóni Símonarsyni á Laugardalnum dags. 10. þ. m., þarsem hann beiðist leyfis til þess að mega setjast að í tómthúsmennsku hér

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í bænum; var það leyft.

2° Bréf frá Ólöfu Hannesdóttur ekkju í Laugarnesi um aðseturslejfi hér með 2 börnum sínum; var það leyft ~~með~~

3° Lagt fram bréf frá Guðmundi Einarssyni úr Flóanum dagsett 21. þ.m. þarsem hann beiðist hér aðseturslejfis, en með því að nefndin eigi veit neina deili á þessum manni var því frestað til þess að fá betri upplýsingar um manninn.

4° Bréf frá Benedikti Samsonssyni á Miðhúsum í Vatnsdal í Húnavatnssýslu dagsett 30. Maí síðastl. um aðseturslejfi og var það leyft.

5. Finnbogi Finnbogason bar Oddbjargar Kolbeinsdóttur úr Hafnarfirði hefði verið flutt hér á sína sveit og hefði því gefið 80 kr. árlegt meðgjöf ráðstafað til Jóns Pálssonar.

6. Var framlagt fram bónarbréf frá Sigurveigu Sigurðardóttur á Grund um styrk til húsabygginga og kom nefndinni saman um að láta hana fá 30 krónur.

7. Var Pálína Ólafsdóttir til nefnd af fátækrafulltrúa Jóni Þórðarsyni og sú alveg bjargarlaus með sín [illegible]. Var Ólafi Gunnlaugssyni falið á hendur að annast um að hún leitaði til gjaldkerans af þeim peningum, sem henni hefðu verið ætlaðar.

8. Skýrði formaður frá að Gunnlaug Jónsdóttir á Austurholti héldi ómagann Jóhönnu Guðmundsdóttur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá 1. Mai þ.á. fyrir 20 kr. um mánuðinn.

Með því ekki var frekar fyrir að taka þá var ~~[illegible]~~ fundi sagt slitið.

Eir. Ásmundsson G. Þórðarson
Jón Þórðarson Ólafur Guðlaugsson
B. Bjarnason

Á 1881 h. 20. júní átti fátækranefndin fund með sér og var þar á tekið fyrir:

1o Lögð fram ~~vottorð~~ beiðni frá Jóni Jónssyni á Vatnsleysuströnd (Nýlendu) um að mega setjast hér að í tómthúsmennsku með konu og börnum. Nefndin ákvað að fá vottorð um hagi þessa manns og hegðun, áður en hún svaraði uppá þessa beiðni.

2o. Lögð fram beiðni frá Þorleifi Jónssyni á Vörðufelli á Skógarströnd dags. 12. júní þ.á. um að mega setjast hér að í tómthúsmennsku; nefndin veitti honum leyfið.

3o. Lagt fram bréf dags. 10. þ.m. frá Guðmundi Einarssyni í Lindarbæ þar sem hann í framhaldi af bréfi sínu 27. Maí beiðni um bæjarleyfi. Var frestað að svara þessu bréfi.

4o. Beiðni Eggerts Jónssonar um að mega setjast hér að, var samþykkt, með því þessi maður nú er byrjaður hér verzlun í félagi við annan mann.

5o. Var það af formanni borið upp af formanni að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Torfi Jónsson í Hákonarbæ fengi einhverja þóknun til ugjaló með drengnum Þórði Jenssyni, sem nú væri confirmeraður. Fól nefndin formanni á hendur að semja um þetta við Torfa.

6o Talað formaður um að reynandi mundi vera að koma upp alveg bæ þeim, sem í fyrra á kostnað fátækrasjóðsins var byrjað á í Holtinu fyrir sunnan bæ Bjarna Símonssonar; nefndin fól formanni að láta einhvern partið helfan mann gera yfir tóptina, svo að í haust yrði flutt inn í bæ þennan af þeim, sem fátækranefndin þyrfti að koma þar fyrir.

7. Tilkynnti fátækrafulltrúi Ólafur ~~Guðlaugsson~~ að Pálína Ólafsdóttir væri flutt úr Dúkskoti að Hliðarhúsum.

8. Sömuleiðis gat formaður þess að Ingibjörg Guðmundsdóttir væri flutt frá Madme Kristjönu Jónassen til Torfa prentara Þorgrímssonar, upp á sömu meðgjöf frá 1. þ. m. að reikna.

9. Var formaður beðinn um að skrifa hreppsnefndinni á Kjalarnesi um að ráðstafa þyrfti sem fyrst kom(u) og börnum Gísla sál. Þorsteinssonar frá Litlabæ.

Fleira var ekki gert.

Ellert Jónasson
Jón Þórðarson G Þórðarson P C Gíslason
Ólafur Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881 hinn 28. júlí átti fátækranefndin fund með sér og var þá tekið fyrir:

1° Lögð fram beiðni frá Bjarna Ólafssyni í Árbæ þess efnis að hann mætti fá hér bæjarleyfi og var það samþykkt. Bréfið var dags. 27/5. þ.á.

2° Lagt fram bréf dags. 25. þ. m. frá Ásgrími Ólafssyni um tómthúsmannsleyfi, og var það eptir atvikum samþykkt.

3° Lagt fram bréf frá hreppsnefnd Þingvallahrepps dags. 21. júní þ.á., þarsem hún beiðist leyfis til þess að Jón Þorkelsson megi setjast hér að í þurrabúð með konu og barni. Fátækranefndin áleit ekki ráðlegt að veita þetta, með því að þessi Jón áður hefði dvalið hér í bænum og þá illa komizt af, enda væri hann þurfamaður Þingvallahrepps.

4° Lagt fram bréf dags. 9. júní þ.á., er áður hefði verið framlagt, frá Jóni Jónssyni á Nýlendu á Vatnsleysuströnd þarsem hann beiðist leyfis til tómthúsmennsku. Ennfremur hefði hann sent vottorð frá merkum mönnum þar syðra, er gefa honum góðan vitnisburð. Leyfið var veitt.

5° Lagt fram bréf dags. 17. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi frá Sigurði Jónssyni í Görðunum. Var það samþykkt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6º Kom til tals að nauðsynlegt mundi sökum veikinda Pálínu Olafsdóttur að hækka meðgjöf úr fátækrasjóði mánaðarl. 10 krónur fyrst um sinn.

Með því að ekki var fleira fyrir að taka þá var fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen
G. Þórðarson Jón Þórðarson

Á 1881 h. 11. ágúst var fundur í fátækranefndinni og kom þar ~~fyr~~ fyrir 1º bón frá Bergi Pálssyni á Pálshúsum, hvarsem hann beiðist styrks úr fátækrasjóði allt að 100 kr. til þess að kaupa við í bæ sem hann er byggja. 2º) áritað útfararreikningr ~~Olafs~~ Runólfs Guðbrandssonar að upphæð: 30 Kr. 77 a

Fleira var ekki fyrirtekið.

E. Th. Jónassen P. O. Gíslason Ólafur Guðmundsson
H. Kr. Friðriksson

Á 1881. h. 22. september var fundur haldinn í fátækranefndinni og var þá þar tekið fyrir:

1.) að ~~prófast~~ dómkirkju-prestinum viðstöddum var fyrst rætt um hvernig verja skyldi Thorkillii sjóðs peningum þeim, sem nefndin vænti að fá sú veitta sér og að undanförnu. Kom nefndinni saman um að sækja í ár um 600 Kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

styrk af peníng og að því verði varið þannig:

1. Uppeldisstyrkur handa Jóni Rannveigar Einarsdóttur 40
2. — " — — " Magnúsi Hjaltest. 80
3. — " — — " Gerhardi Guðjóni Þorlákssyni 80 200

4. Skólapeningar handa

a) Sigurði Valdemar Bjarnasyni . . . 20
b.) Jóni Rannveigar Einarsd. 20
c.) Magnúsi Einarss. Hjaltested 20
d.) Magnús Gudnason . . . 20
e) Halldór Halldórsson . . 20
f.) Pjetur Levinsen . . 20
g.) Rósa Jónsdóttir . . 20
h.) Gunnþórunn (gáin) Haldorsd. 20
i.) Gerhardur Guðjón Þorlaksson 9 ár 20
k.) Anna Guðbjörg Matthíasd. 10 ár 20
l.) Margrjet Einarsd. Arnarh. 9 — 20
m.) Guðrún Kristín Sigurðardóttir í Hábæ . . 9 — 20
n.) Sigríður Torfadóttir . . . 10 — 20
o.) Jacob Jónsson 10 ár . ~~11~~ — 20
p. Guðm. Jacobsen 13 ár 20
q Hans Karl Hanness. 13 — 20
r.) Þorsteinn Björn Stefánsson 8 ár . . 20.
s.) Ásdís Valg. Jónsd. Dirksk. 13 ár 20.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

t.) Hannes Hannesson 11 ár 20
u.) Pjetur Jónsson (dukskóli) 11 ár . . 20
v.) Guðjón Jósepsson . 20 420

alls = 620 krónur

2.) Var veitt ekkju Lárusar Schevings prests Elínu Ögmundsdóttur leyfi hér til tómthúsmennsku samkvæmt beiðni hennar dags. 6. þ. m.

3.) Lagt fram bréf frá Jóhannesi Jónssyni dags 6. august þ. á. þarsem hann beiðist hér leyfis til sjálfsmennsku, en með því þessi maður er þurfamaður Stafholtstungnahrepps þá vill nefndin eigi veita þessum manni hér aðsetursleyfi.

4. Lagt fram bréf frá Þórðarsyni Jóni á Reyðarvatni í Rangárvallasýslu dags. 20. septemb. þ. á. þar sem hann beiðist leyfis að mega flytja hingað að vori sem tómthúsmaður. Frestað að svara þessu bréfi uns betri upplýsingar fengjust um þennan mann.

5. Var Kristínu Ásbjörnsdóttur eptir beiðni hennar í bréfi dags. 14. þ. m. veittur húsaleigustyrkur 12 krónur um árið frá 1. okt. þ. á.

6. Bar ~~nefn~~ formaður nefndarinnar það upp að Bergur Pálsson í Pálshúsum hefði borgað út verkalaun við bæjarbygginguna, en hann óskar að fátækrasjóður vilji hlaupa undir bagga með sér að borga sér aptur; var það samþykkt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að sömuleiðis mætti ávísa Bergi Pálssyni allt að 30 krónum í þessu skyni úr fátækrasjóði.

7. Lagt fram bréf frá Guðm. Jónssyni í Selshúsi dags. 12. sept. þ. á., þarsem hann beiðist styrks til bæjarbyggingar; nefndin var öll á einu máli um það að hann gæti eigi fengið af svo stöddu neinn styrk til byggingar; ekki heldur fann nefndin ástæðu til eins og hann beiddist í nefndu bréfi að fara að útvega honum húsnæði, en vill svara honum því að hann verði að gera það sjálfur.

8. Lagt fram bréf frá Pétri Ásmundssyni prentara dags. 19. þ. m. þarsem hann biður fátækranefndina um að útvega sér húsnæði; nefndinni kom saman um að Pjetur sjálfr gæti reynt að útvega sér húsnæði og áleit því að svo stöddu ekki ~~[illegible]~~ sinna þessari beiðni Pjeturs.

9. Ávísaði reikningar a) styrkur Jóni Ólafi Ólafssyni 6 kr. (á Melunum) b) ávísaður Reikningur frá Fischers verzlun til fátækrasjóðs að upphæð: 11 kr. 39 a.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen G. Þórðarson P. O. Gíslason
Jón Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881 hinn 24. septemb. átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir að semja áætlun yfir tekjur og gjöld fátækrasjóðsins fyrir árið 1882. og var hún á þessa leið:

## Tekjur

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Vextir af skuldabrjefum fátækrasjóðs . . . | 36,00 |
| 2. | tekjur af fasteignum . . . . . . | 40.00 |
| 3. | tíund til fátækra " . . . . . . | 180.00 |
| 4. | tekjur af arðberandi höfuðstól . . . | "–" |
| 5. | sektir til fátækrasjóðs . . . . | 50,00 |
| 6. | hundaskattur . . . . . . . . | 20.00 |
| 7. | innkomið fyrir seldar reitur sveitar-ómaga . . . . . . . . | 50.00 |
| 8. | Óvissar tekjur þar í lán er kunna að endurborgast . . . . . . . | 500.00 |
| | | 876.00 |

## Gjöld

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Til aðstoðar ~~þurfamönnum~~ ómögum | 4,600 |
| 2 | til þurfamanna . . . . . . | 1000 |
| 3. | til útstola . . . . . . . | 940 |
| 4. | til greptrunar sveitarómaga . . . | 150 |
| 5. | tilflutningur þurfamanna . . . . | 50 |
| 6. | fátækralyf . . . . . . . . . | 120 |
| 7. | önnur útgjöld . . . . . . . . | 500 |
| | | 7,360 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verður þá mismunur á tekjum og gjöldum 6484 kr. sem þarf að jafna niður á gjaldendur bæjarins.

Með því ekki var fleira fyrir að taka þá var fundi slitið.

E Th Jónassen  G Þórðarson  P O Gíslason

Ár 1881 h. 12 Oktober átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Bréf frá Böðvari Jónssyni á Stórasel dags. 3. Oktober þ. á. þar sem hann sækir um tómthúsmannsleyfi fyrir næstkomandi krossmessu hér í bænum. Þetta getur nefndin ekki veitt enn og beiðnin liggur fyrir.

2. Beiðni frá Halldóri Þórðarsyni í Læknishúsi dags. 10. Okt. þ. á., þar sem hann beiðist tómthúsmannsleyfis hér í bænum. Var ákveðið að leita betri upplýsinga um þennan mann áður en beiðni hans væri svarað.

3. Formaður skýrði frá að Guðmundur Halldórsson á Bergsstöðum hefði nýlega misst konu sína og þessvegna beiðst þess af formanni að hann vildi taka ábyrgð á meðgjöf með yngsta barni hans, en hann hefði útvegað samastað upp í sveit og kvaðst formaður hafa lofað Guðmundi því að gefit

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skyldi verða mætt því af fátækrasjóði, ef hann eigi gæti sjálfur séð um meðgjöfina, þá gat formaður þess að Guðmundur væri húsnæðislaus, en að hann hefði útvegað honum fátækrastjórninni í vetur bæinn á Helgastöðum fyrir 6 k. um mánuðinn og félst nefndin á það.

4., þá ~~skyldi~~ gat formaður þess að Guðrúnu Jónsdóttur hefði orðið svo veik á dögunum að það hefði orðið að leggja hana inn á sjúkrahúsið, en dreng hennar hefði verið komið fyrir hjá Gísla Guðmundssyni verzlunarþjóni.

5., Formaður nefndi þá það að Guðmundur Jónsson á Seli hefði kvartað undan því við sig að hann ómögulega gæti fengið sér nokkurt húsnæði, en óskaði tilhlutunar fátækranefndarinnar um þetta. Leizt fátækrastjórninni það eina ráð, svo framarlega sem Guðmundur Jónsson ekki gæti útvegað sér sjálfur húsnæði, að hjálpa honum um ~~það~~ útvegun á húsrúmi.

6. Gat formaður þess að Þórður Guðmundsson í Görðunum vildi fá hærri meðgjöf með Þórði Þórðarsyni skóara, en hann hefði hingað til haft. Var Guðmundi Þórðarsyni falið á hendur að semja um þetta við Þórð í Görðunum.

7. Haraldi Jónssyni, sem nú er hjá Ólafi Guðlaugssyni, varður sem fyrst ráðstafað þaðan til Jóns Guðmundssonar á Bakkabæ; drengur þessi er 9 ára að aldri.

Frekara var ekki gert. Fundi slitið.

Ell. Jónassen G. Þórðarson P. Ó. Gíslason Ó. Guðlaugsson
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881 hinn 9. nóvember átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Halldóri Þórðarsyni, sem getið var um á síðasta fund veitt leyfi til tómthúsmennsku hér í bænum.

2. Jóni Þórðarsyni á Reyðarvatni veitt leyfi til tómthús-mennsku frá næstkomandi vori.

3. Steffáni Guðmundssyni frá Bakkarholtsparti í Ölvesi var veitt leyfi til tómthúsmennsku hér frá næsta vori.

4. Lagt fram bréf frá Narfa Halldórssyni dags. 26. oktober þ.á., þar sem hann beiðist tómthús-mennskuleyfis hér að vori, var það veitt.

5. Bjarna Bjarnasyni frá Túngu í Grafningi samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 24. okt. þ.á. veitt leyfi til tómthúsmennsku.

6. Stefáni Stephánssyni bónda á Stóru-Vatnsleysu leyft að setjast hér að í tómthúsmennsku á næstkomandi vori.

7. Sveini Eyrikssyni frá Laugardælum í Flóa samkvæmt beiðni hans dags. 27. Okt. þ.á. leyfð tómthúsmennska hér frá næstkomandi vori.

8. Lagt var fram bréf dags. 4. oktob. þ.á. frá Sigurði Erlendssyni í Árnanesi þar sem hann beiðist hér leyfis til húsmennsku með móður sinni, en með því nefndin þekkti þennan lítil-fjörlegan til og bláfátækan sem hún ekki hér treysti sér til að geta haft ofan af fyrir sér, þá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vill hún ekki veita honum hér umbeðið leyfi.

9. Var Ólafi Guðlaugssyni falið á hendur að gera við eða sjá um viðgerð á Hólakotsbænum.

10. Ólafur Guðlaugsson gat þess að Haraldur Jónsson hinn 1. þ. m. hefði farið frá sér til Þórs Guðmundssonar í Bakkabæ.

11. Var samþykkt að borga Magnúsi Steffánssyni í Steinakoti fyrir kennslu á piltinum Guðmund. Kristni Guðmundssyni í Skipholti 3 krónur á mánuði.

12. Var ávísað:
a) styrkur til Friðriks Pálssonar 30 krónur
b) til Stephans Þórðarsonar
fyrir tyrfingu á h. fátækrasjóðs 17.90

Með því ekki var fleira fyrir tekið þá var fundi slitið.

EhJónassen  G Þórðarson  P.O. Gíslason
Ólafur Guðlaugsson  B. Bjarnarson

Ár 1881 h. 24. nóvember átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1° Lagt fram bréf frá Þórði Magnússyni vinnumanni á Geirshólaparti dags. 5. þ. m. ásamt 1. fylgiskjali þarsem hann beiðist tómthúsmannsleyfis. Var það leyft.

2° Böðvari Jónssyni vinnumanni á Seli samkvæmt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ítrekaðri beiðni hans í bréfi dags. 22. þ. m. veitt leyfi til tómthúsmennsku hér í bænum frá næstkomandi vori.

3° Jóni Ólafssyni frá Ökrum í Mýrasýslu samkvæmt beiðni hans dags. 22. þ. m. veitt leyfi til tómthúsmennsku frá næstkomandi vori.

4° Einari Einarssyni frá Auðnum á Vatnsleysuströnd veitt leyfi til tómthúsmennsku hér í bænum frá næstkomandi vori eptir beiðni dags. 2. þ. m.

5° Pétri Benjamín Benjamínssyni eptir beiðni hans dags. 22. þ. m. veitt leyfi til tómthúsmennsku frá næstkom. vori. Nú er hann vinnumaður hér í bænum.

6° Auðunn Jónsson ~~veitt~~ beiddist hins sama leyfis, en sökum þess að nefndin ekki þekkti nægilega hagi hans og ástæður, þá var því frestað til næsta fundar að gera út um þessa beiðni.

7° Þjóðbjörg Þórðardóttir vinnukona á Seli beiddist í bréfi dags. 22. þ. m. leyfis til þess ~~að mega~~ verða húskona hér í bænum frá næstkomandi vori, en sökum þess að fátækranefndinni er kunnugt um að þessi kvennmaður hefir átt fleiri börn utan hjónabands, en hún ætlar að þegið hafi sveitarstyrk af Kjósarhreppi sér til framfæris, þá áleit nefndin ekki ástæðu til að veita þessari vinnukonu húsmennskuleyfi.

8º Lagt fram bréf frá Matthíasi Pjeturssyni í Nikulásarkoti dagsett 23. þ. m., þar sem hann beiðist tilhlutunar fátækranefndarinnar um það að hann fái ofn í bæ sinn og umframm hjálp. Uppálagði formaður fátækrastjórnunum að gera þegar aðgjörð á heimili hans. Að veita ofn var veitt, ef hann að einn gæti fengist.

9º Bar formaður það upp að bæta verði meðgjöf Jóhönnu Guðmundsdóttur er liggi veik í Austurkoti, þannig að meðgjöfin fyrst um sinn yrði 30 krónur á mánuði; var það samþykkt.

10º Formaður skýrði frá að Pjetur nokkur Jónsson frá Pálsseli í Laxárdal í Dalasýslu hefði veikst hér í bænum og hefði hann orðið að leggja hann á spítalann og síðan hann kom þaðan út hefði orðið að koma honum (á Steinum hjá Kr. Ólafss.) fyrir með meðgjöf 50 aura á dag gegn endurgjaldi af sveit hans; óskaði nefndin að hann yrði fluttur vestur sem fljótt og hann yrði frískur.

11º Ólafur Guðlaugsson skýrði frá, að Guðrún Jónsdóttir (Slaktara) liggi veik hjá sér og gæti hann ekki tekið minna með henni en 50 aura á dag og var það samþykkt.

Með því ekki var frekara að fyrir taka þá var fundi sagt slitið.

Ell. Jónassen

P. O. Gíslason Ólafur Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881 h. 8. December átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1º Árna Jónssyni frá Mjósundi í Árnessýslu veitt leyfi til tómthúsmennsku hér í bænum frá næsta vori.

2º Eyríki Magnússyni frá Sólholti í Hraungerðishreppi leyft hið sama frá næstkomandi vori.

3º Halldóri Þorsteini Halldórssyni á Þóroddsstöðum í Grímsnesi veitt hið sama frá sama tíma.

4º Var fram borin beiðni frá ekkju factor P. Levinsens um að fá eins og hún hingað til hafði fengið 20 kr. lán eða styrk úr fátækrasjóði og vildi nefndin leyfa það gegn endurgjaldi frá henni sjálfri eða fátækrasjóði hennar framfærslu-sveitar, eins og það líka var ákveðið að skrifa framfærslusveit hennar sem er Stokkseyrar-hreppur í Árnessýslu um að endurgjalda fátækrasjóði hér þær 100 kr. sem hún var skuldar, með því hún sjálf ekki getur það.

5º Lagði formaður fram bréf frá sóknarpresti dags. 1. þ.m. um að nauðsynlegt væri að koma í kennslu drengnum Níels Breiðfjörð Jósepssyni frá Akranesi, sem væri á 15 ári og lítið (ekkert) hefði lært og væri einnig ólesandi. Kom fátækranefndinni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

saman um uppi meðgjöld frá Akranesi að sjá um uppfræðslu þessa pilts, en jafnframt að skrifa Akranes-hreppi um þetta.

6° Lagði formaður fram frá landfógeta A. Thorsteinsson og G. Zoëga dags. í dag þar sem þeir eptir beiðni kaupmanns R. D. Slimons í Leith biðja fátækrastjórnina stinga uppá hverjir eigi að verða aðnjótandi 10 Tons af Kolum er nefndur kaupmaður vill gefa fátækum hér í bænum. Nefndin samdi lista yfir þá, er þeir álitu að ætti að njóta þessarar gjafar, og fól formanni á hendur að senda þennan lista til ofangreindra 2 manna og semji við þá um úthlutan kolanna.

Þess skal getið að sóknarpresturinn var staddur á þessum fundi.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen. Hallgrímur Sveinsson G. Þórðarson

P. O. Gíslason Ólafur Guðlaugsson

Ár 1881 22. December var fundur í fátækrastjórninni og var þar þá tekið fyrir.

1° Beiðni frá Tómasi Jónssyni á Uppsölum í Seltjarnarneshreppi um að gerast hér tómthúsmaður frá næstkomandi vori; var það leyft.

2° Sömuleiðis frá Birni Eyólfssyni frá Hudisavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

smið; var það leyft.

3o Beiðni frá Sveini Ólafssyni á Grjótastöðum í Biskupstungum, um hið sama frá næstkom. krossmessu; var það leyft.

4o Sömuleiðis frá Jóni Sigurðssyni Benediktssyni á Breiðabólsstöðum á Álptanesi um hið sama; var það leyft.

5o Sömuleiðis frá Gísla Jónssyni á Miðglis-koti um hið sama; var það leyft.

6o Bréf dags. 16. Dec. frá Gísla Guðmundssyni á Litlabæ um að fá uppbót með Sigurlínu Vigfúsdóttur, sem hann tók síðastl. vetur, 10 kr. og var það samþykkt, en jafnframt skoraði nefndin á formanninn að krefja föður þessarar stúlku um endurgjald á því sem borgað hefir verið með þessari stúlku úr fátækrasjóði, sem er alls 30 krónur. Faðir hennar er Vigfús Guðnason hér í bænum.

7o Lagt fram bréf frá Árna Gíslasyni um meðgjöf með Gunnlaugu dóttur Guðmundar Halldórssonar á Litlabergsstöðum er hann hafi tekið í haust og var það samþykkt að vilja um það, hvort Guðmundur faðir barnsins hafi nokkur efni til þess að borga með þessu barni, áður en Árna sé svarað.

8o Tómási Ingjaldssyni frá Reykjavík (hjá Þórði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðmundssyni assistent) leyft að setjast hér að sem tómthúsmaður frá næstkomandi vori.

9o. Beiðni frá Guðríði Guðmundsdóttur í Hlíðarhúsum um að fá hér leyfi til að setjast að í húsmennsku, en með því þessi kvenmaður, sem er ekkja, í vetur hefir orðið að þiggja styrk af fátækrasjóði með barni sínu, þá getur þessi beiðni nú ekki orðið tekin til greina heldur en fyrri.

10o. Bréf frá Jósef Þórðarsyni á Miðholti vestra þarsem hann beiðist styrks með dreng frá Akranesshreppi syni Guðríðar Guðmundsdóttur Níels Breiðfjörð Jósepssyni. Samþykkt að borga 20 kr. gegn endurgjaldi frá Akranesshreppi.

Með því ekki var fleira fyrir að taka þá var fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen
G. Þórðarson
Þ. Ó. Gíslason
Olafur Guðlaugsson
B. Bjarnason

Ár 1882 h. 14. janúar átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Eftirfylgjandi mönnum leyft hér tómthúsmennska:
a.) Jóhann Árnason frá Árnatóft í Stokkseyrarhreppi
b.) Eyjólfur Helgason frá Rauðarhól í sama hreppi
c.) Davíð Jóhannessyni frá Bústöðum
d.) Jóhannes Oddsson frá sama bæ
e.) Guðmundi Benediktssyni frá Suðurkoti í Vogum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

f.) Guðmundur Magnússon frá Litlabæ í Garði
g.) Magnúsi Snorrasyni á Sandvík í Flóa.
en ~~þeim~~ ~~mönnum~~ var neitað:

1) Þórhalli Þórhallssyni nú á Bakkabúð ~~á~~ hér í bænum, sökum þess að hann hafi verið og sé heilsulaus

aptur á móti var skotið á frest að veita slíkt leyfi:

1) Halldóri Jónssyni á Seli. 2) Þórði Ólafssyni frá Skipum í Stokkseyrarhreppi 3) Sigurði Eyríkssyni frá Eyvindarstaðakoti unz þeir hefðu gefið um sig frekari upplýsingar.

2o Lagt fram bréf frá Mörthu Markúsdóttur í Valgarðsbæ, þar sem hún beiðist styrks úr fátækrasjóði til húsaleigu 16 kr árl. Nefndinni leizt að veita þetta.

3o Beiðni frá Katrínu Árnadóttur í Hólakoti um að fá eldavél lánaða og var það samþykkt og falið Ólafi Guðlaugssyni á hendur að framkvæma það sem fyrst.

4. bréf dags. 2. þ. m. frá Guðmundi Gíslasyni á Ánanaustum um að fá meðgjöf með nýfæddu barni Ragnhildar Gísladóttur og var það samþykkt að borga það upp í endurgjald frá hennar framfærslu-hreppi, sem er nú Kolbeinsstaða-hreppur í Hnappadalssýslu.

5o Var þá ákveðið meðlag með hinum föstu ómögum bæjarins og styrkur handa þurfamönnum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## I. fastar ómagar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Einar Magnússon | | hjá Jóhönnu Einarsd. | 80 kr. |
| 2. | Guðm. Kr. Guðmundsson | 13 ára | " Jóni í Skipholti | 80 — |
| 3. | Haraldur Jónsson | 9 " | " Jóni í Bakkabæ | 80 — |
| 4. | Guðrún Jónsdóttir | 6 " | " Tóm. Tómassyni á Lambhús. á Kjalarn. | 80 — |
| 5. | Ásm. Gissurarson | 11 " | " ekkju Stefáns Jóhannesss. á Kasth. | 80 — |
| 6. | Guðm. Gissurarson | 7 " | " Einari Árasyni á Tóptum . . | 80 — |
| 7. | Jón Jónsson | 81 " | " Bjarna Oddssyni á Garðhúsum | 80 — |
| 8. | Martha Lárusd. | 28 " | " Guðrúnu Kristjánsd. í Kristjánsshúsi | 48 — |
| 9. | Guðríður Þorkelsd. | 78 " | " Þorvald. Klængssyni | 100 — |
| 10. | Ólafur Þórðarson | 13 " | " Sveini í Sandgerði | 80 — |
| 11. | Salvör Ketilsdótt. | 85 " | " ———— | 100 — |
| 12. | Þorvaldur Ásmundss. | 13 " | " Jóni Oddssyni í Mýrarholti | 80 — |
| 13. | Ingibjörg Eyríksdóttir | | " Sveini á Seli . . | 100 — |
| 14. | Frímann Sigurðsson | | " Guðl. á Steinum | 80 — |
| 15. | Þórður Þórðarson eldri | 73 " | " Þórð. í Görðunum | 180 — |
| 16. | Sólveig Einarsd. | | " Guðm. Jónssyni í Garðbæ . . | 100 — |
| 17 | Vilborg Magnúsd. | 6 " | " Guðm. í Hálfak. | 80 — |
| 18. | Ingvar Bjarni barn Ingibjargar sálug Guðmundsd. | | , á Tjarnarhúsum hjá Guðm. Árnasyni | 80 — |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 19. | barn hinnar sömu á | | á Hausastaðakoti | 80,00 |
| 20. | Helga barn Diðriks Hölter | | á Norðurkoti hjá Þ. Eiríkssyni . . . | 80,00 |
| 21. | Sumarlína Sigvaldadóttir | | hjá Jóni Sigurðssyni á Staðarhöfða á Akranesi . . . | 80,00 |
| 22. | Benedikt Guðmundsson | 3 ára | í Klettakoti . . | 80.00 |
| 23. | Jóhannes Jónsson í Móakoti | | Sigurði Jónssyni í Móakoti . | 110,00 |
| 24. | Ingibjörg Guðmundsd. | | hjá Torfa Þorgrímssyni | 288.00 |
| 25. | × María Margrét Jónsd. | | " Guðm. Jónssyni á Helgastöðum | 60.00 |
| 26. | Jón Þorgeirsson | 14 ára | " Jóni í Bakkabæ | 80.00 |
| 27. | Ástríður Olsen | 51 — | " Margréti í Klettakoti | 144.00 |
| 28. | Þórdís Jónsd. ekkja | | " Sigurði Þórðarsyni á Skuggahverfisvegi . . . . | 60.00 |
| 29. | × Guðríður Guðmundsd. með 1 barn | | " hjá Katrínu Arnadóttur í Hólakoti | 80,00 |
| 30. | Jón Jónsson garðfræðingr | | " Hinrik í Grænuborg | 80,00 |
| 31. | Ásdís Davíðsdóttir | | " Sveini í Sauðagerði | 90.00 |
| 32. | barn Diðriks Hölter | | " Þórði á Bjargi á Kjalarnesi . . | 80,00 |
| 33. | Ólafur Guðnason | | " Ingibjörgu Sigurðardóttur á Grund . . . | 80,00 |
| 34. | Sigríður Andersdóttir | 2 ára | " Páli í Norðurkoti | 80.00 |
| 35. | Magnús Hjaltested | | " Sigurði Þórðarsyni í Skuggahverfi . . | 80,00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

36. Guðrún Símonía Ingimagnsdóttir — hjá Guðrúnu Jónsdóttur í Hólshúsi . . . 80,00

37. Elín Sigurðardóttir á Miðseli . . — hjá Magnúsi Vigfússyni á Miðseli . . 144.00

38. Kristrún ~~Þorkels~~ Ásmundsdóttir — hjá Torfa prentara . 120.00

39. Jarþrúður Pjetursdóttir ekkja. — á Steinsstöðum 84.00

40. Bjarni Þórðarson 17 ára — hjá Sigurði Guðmundssyni í Skildinganesi 60.00

41. +Margrjet Pálsdóttir ~~hjá~~ með 1. barni — í Brunnhúsum 80.00

42. Jón Ingimundsson á Selsholti . . . 80.00

43. Finnbogi Finnbogason 1 árs — hjá Jóni Pálssyni í Félagsgarði . . 80.00

44. Þórunn Einarsdóttir 8 ára — hjá Sigurði Eilindssyni í Geirmundarbæ . . 80.00

45. barn Guðm. Halldórssonar — á Kálfakoti hjá Guðmundi . . . 80.00

## II. Þurfamenn.

1. Ekkja Anna Ásmundsdóttir . . . . . . . 100.00
2. Margrjet Einarsdóttir í Steinsholti . . . . 80.00
3. Ingiríður Einarsdóttir á Bala . . . . 40.00
4. Kristín Guðmundsd. í Hólakoti . . . . 48.00
5. Einar Bjarnason á Smiðjunni . . . 80.00
6. Einar Magnússon í Skólabæ . . . 60.00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| 7. | Einar Hjaltested . . . . . | 130.00 |
| 8. | Johann Heilmann . . . . . | 120.00 |
| 9. | Helga Jónsdóttir gipt kona . | 80.00 |
| 10. | Madme G. Lambertsen . . . . . | 80.00 |
| 11. | Sigríður Jónsdóttir í Grjóta . . . | 40.00 |
| 12. | Ólafur Þorkelsson á Miðgrund | 30.00 |
| 13. | Jón Jónsson (Slaktara) . . . | 40.00 |

<u>III.</u> vitstola menn.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ragnhildur Símonardóttir . . | 300,00 |
| 2. | Sigurður Eydsson . . . . | 150,00 |
| 3. | Elísabeth Egilsdóttir . . . . | 490.00 |

Fundi ekki var fleira fyrir að taka var fundi þessum slitið.

Eir Jónassen  G Þórðarson

Þ O Gíslason  Ólafur Guðlaugsson  B Bjarnason

Ár 1882 h. 26. januar átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1.) Lagt fram bréf Suðuramtsins dags. 19. þ. m. innihaldandi umkvörtun frá Sigurði Erlindssyni í Árnanesi í Álptaneshreppi yfir því að fátækranefndin hefði neitað honum hér um aðsetursleyfi; fátækranefndin lízt ekki að breyta þeim

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úrskurði sínum.

2. Brjef frá ~~Halli Jónssyni frá Hofsum~~ Gunnari Hafliðasyni, dags. 25. þ.m. þ.m., þar sem hann biður um bæjarleyfi handa Halli Jónssyni hjer í bænum, og var leyfið veitt.

3. Brjef frá Halli Ólafssyni í Gíslaholti í Holtum í Rangárvallasýslu, dags. 20. jan. þ.á. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næstu fardögum. Þetta leyfi var sömuleiðis veitt.

4. Frá Halldóri Jónssyni á Seli, um tómthúsmennskuleyfi. En því máli var frestað um til næsta fundar.

5. Brjef frá Sigurði Eiríkssyni á Eyvindarstaðakoti dags. 5. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var leyfi þetta ~~einnig~~ veitt.

6. Brjef frá Ísleifi Sigurðssyni, dags. 14. þ.m., frá Barkastöðum, um tómthúsmennskuleyfi, og var leyfið veitt.

7. Frá Þórði Ólafssyni frá Skipum í Stokkseyrarhrepp, dags. 5. þ.m., þar sem hann biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Nefndin fann eigi næga ástæðu til að neita um þessa beiðni.

Með því ekki var fleira að fyrirtaka þá var fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson

P. O. Gíslason Ólafur Guðlaugsson K. Bjarnason

Ár 1882 h. 9. febrúar var haldinn fundur í fátækranefndinni og þar tekið fyrir:

1. Lagt fram brjef frá Sæmundi Sveinssyni á Ytri Tungu í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu, dags. 1. des. 1881, um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Var leyfið veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Brjef frá Jakobi Steingrímssyni, dags. 16. f.m., þar sem hann biður um tómthúsmennskuleyfi handa Pálma Pálmasyni á Skinnarastöðum í Húnavatnssýslu. Var það leyfi einnig veitt.

3. Brjef frá Óla Kristjáni Þorvarðarsyni á Sogni í Kjós; var það dagsett 6. þ.m.; var það beiðni um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Var það veitt.

4. Í brjefi 10. f.m. biður Jón Jónsson á Garðbæ í Vogum um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Var málinu frestað til næsta fundar til að leita skýrslna um þennan mann.

5. Í brjefi 8. þ.m. biður Halldór Jörundsson á Hlíð um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Var leyfið veitt.

6. Halldór Jónsson á Seli biður í brjefi 28/12 f.á. um tómthúsmennskuleyfi. En sökum þess, að maður þessi er bláfátækur, hefur fyrir 2 börnum að sjá, og virðist vera eigi heilsusterkur, og auk þess lítilsigldur bæði til sálar og líkama, var beiðni þessarar synjað.

7. Guðmundur Halldórsson biður í brjefi 9. febr. þ.á. um meðgjöf með dóttur sinni Guðlaugu hjá Árna Gíslasyni, sem er hjer um bil 6 ára. Var það veitt frá 1. des. f.á. 80 kr. um árið.

8. Brjef frá Guðmundi Jónssyni á Garðbæ, dags. 28. f.m., þar sem hann kveðst eigi geta haldið Solveigu Einarsdóttur fyrir minna en 120 kr. um árið, eða 10 kr. um mánuðinn; var það veitt.

9. Guðmundi Jónssyni á Helgastöðum var veittur styrkur úr fátækrasjóði 16 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðmundi þessum væri haldið í fangelsi um þessa dagana, og skoraði nefndin á fógetann, að skrifa amtmanni til, að sjá um, að manni þessum yrði eigi haldið lengur í fangelsi en nauðsyn krefði.

10. Var afráðið, að skrifa húsmóður Guðrúnar Páls-dóttur á Hvoli í Ölfusi beiðni um, að halda Guðrúnu næsta ár.

11. Var ákveðað nokkrum styrk til [illegible].

12. Einari Sveinssyni gullsmið nýlega veittar 10 kr. upp á sveit hans Grímsnes-hrepps.

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson

P. O. Gíslason Ólafur Guðlaugsson B. Bjarnason

Á 1882 h. 22. febrúar átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1° bréf frá Kristjáni Andréssyni dags. 18. þ.m. þar sem hann beiðist leyfis hér til tómthúsmennsku. Var frestað til næsta fundar.

2° bréf frá Jóni Jónssyni í Garðbæ í Vogum (sjá fyrri fund) aptur rætt; kom nefndinni saman um að neita þessum manni um hið umbeðna leyfi, þareð nefndin hefir sannar sögur af að þessi maður er félaus og óreglumaður.

3° bréf dags. 17. þ.m. frá Jóhanni Pétri Ásmundssyni í Miðvogi þarsem hann beiðist tómthúsmennsku-leyfis; var það ~~frestað~~ veitt.

4° bréf frá Árna Þórðarsyni (í Landmannahreppi) dags. 21. þ.m. um leyfi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til tómthússmennsku; var það leyft.

5º Beiðni frá Stepháni Arnbjörnssyni dags. 28. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi; var því frestað til næsta fundar til þess að leita upplýsingar um þennan mann.

6º Brjef frá 21. þ. m. frá Jóni Þórðarsyni á Hrólfskála um tómthúsmennskuleyfi; var honum leyft hér tómthúsmennska frá næsta vori.

7.º Tilkynnt nefndinni brjef sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringu sýslu dags. 11. febrúar þ. á. áhrærandi sveitfesti Páls Pálssonar

8º Skiftar á áúsanir.

Frekara ekkert fram tekið.

Ell. Jónassen G. Þórðarson Þ. Gíslason
H. Bjarnason Ólafur Guðlaugsson

Ár 1882, laugardaginn 18. dag marzmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Þá var fyrir tekin til umræðu beiðni Stefáns Arnbjarnssonar, að fá leyfi til tómthúsmennsku hjer í bænum; sjá næsta fund á undan. Eptir þeim skýringum, sem fengizt höfðu, var leyfið veitt.

2. Helga Magnúsdóttir, ekkja, beiddist þess í brjefi 22. Jan. að mega setjast að hjer í bænum sem húskona. Var leyfið veitt.

3. Magnús Guðmundsson á Guðnabæ í Vogsósum biður um í brjefi 7. dag marzmánaðar að mega setjast að hjer í bænum sem tómthúsmaður, og var leyfi þetta veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Páll Guðmundsson á Grafarbakka í Hreppum í Árnessýslu biður í brjefi 25. f.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var það veitt.

5. Í brjefi 6. þ.m. biður Sveinbjörn Þorvarðarson um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, en vegna þess, að engar skýrslur fylgdu um hagi hans, neitaði fátækranefndin honum um leyfi þetta.

6. Bjarni Árnason í Engey biður í brjefi 8. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, en vegna þess, að engar skýrslur fylgdu brjefi þessu um hagi hans, var honum neitað.

7. Í brjefi 13. þ. biður Dagur Kristjánsson í Engey um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Var leyfið veitt, en þó svo, að ætti það að vera að eins um eitt ár, gæti fátækranefndin eigi veitt slíkt leyfi.

8. Eyjólfur Ólafsson á Króki í Garðahverfi biður í brjefi 6. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

9. Guðríði Þorkelsdóttur var komið fyrir hjá Einari Einarssyni á Steinsstöðum fyrir 100 Kr. um árið frá 1. degi aprílmánaðar.

Með því ekki var fleira fyrir að taka var fundi slitið.

E. Th. Jónassen

H. Kr. Friðriksson G. Þórðarson. Þ. Ó. Gíslason
B. Bjarnason Ólafur Guðlaugsson

Ár 1882, hinn 3. apríl var haldinn fundur af fátækranefndinni.

1.) Þórði Halldórssyni í Vesturkoti á Skeiðum, sem

fengið hafði bæjarleyfi í hitt eð fyrra, en þá eigi flutt sig hingað, var samkvæmt ítrekaðri beiðni hans 26. f. m. var leyft að flytja sig hingað í vor.

2\. Í brjefi dags. 21. maí 1881 og 10. júní 1881 hafði Guðmundur Einarsson í Lindarbæ beðið um leyfi til að setjast hjer í bænum sem tómthúsmaður, og var leyfið veitt. afr/

3\. Þorsteinn Pjetursson á Högnastöðum í Þverárhlíð beiddist í brjefi 23. f. m., að mega setjast að hjer í bænum sem tómthúsmaður, og var leyfið veitt. afr/

4\. Halldóru Magnúsdóttur á Vegamótum á Skipaskaga voru veittar 10 kr. í þóknun með barninu Þórunni Einarsdóttur frá desemb. 1880 til vordaga 1881.

5\. Nikólínu Bjarnadóttur voru lagðar 10 kr. með barni sínu, sem hún hafði ~~fengið~~ átt með dönskum sjómanni Poulsen.

6\. Ávísað til Friðfinns Friðfinnssonar á Ottarstöðum meðlag með Finnboga Finnbogasyni frá 7. jan. – 16/5 – 81. 29 kr. 26 aur.

7\. Ávísað með Guðrúnu Jónsdóttur frá 14/2 – 31/3 til Ólafs Guðlaugssonar. 22 kr. 50. aur.

Frekara ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson. Þ. Ó. Gíslason

B. Kristjánsson Ólafur Guðlaugsson

Ár 1882, fimmtudaginn 27. dag aprílmánaðar, átti fátækra-nefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Guðmundur Oddsson frá Hvammi í Holtum biður í brjefi, dags. í dag, um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Var þetta leyfi veitt.
2. Formaður tilkynnti, að amtmaður hefði veitt Halldóri Jónssyni á Seli tómthúsmannsleyfi; sbr. fund 9. febr. þ. á.
3. Í brjefi 24. þ. m. biður Ól. Rosenkranz um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum handa Þorvaldi Bjarnarsyni frá Holti undir Eyjafjöllum, og var leyfið veitt.
4. Hólmfríður Magnúsdóttir, ekkja Bjarna heitins skóara, biður um 30 króna styrk úr fátækrasjóð, og var þeim styrkur veittur.
5. Í brjefi 17. þ. m. afsalar Guðrún Kristjánsdóttir sjer, að halda Mörtu Jónsdóttur lengur en til krossmessu.
6. Magnús Stefánsson á Steinsholti biður um 5 króna styrk um mánuðinn í meðgjöf með tengdamóður sinni Agnesi Jónsdóttur, og voru honum veittar 4 kr. um mánuðinn.
7. Guðmundur Gíslason á Ánanaustum skýrir frá í brjefi í dag, að hann geti eigi haldið barnið Odd lengur en til 14. d. maímán., og fátækranefndin verði því að sjá fyrir barninu, og var Bjarna og Pjetri falið á hendur, að vinna Guðmund til að halda barn þetta, unz því yrði komið á sveit sína, Kolbeinsstaðahrepp.

Fundi slitið.

E. Jónasson H. Kr. Friðriksson P. O. Gíslason
B. Bjarnason

Ár 1882 h. 11. Mai var fátækrafundur haldinn af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fátækranefndinni og var þar þá tekið fyrir:

1.) Ólafi Jónssyni í Valgerðarbúð veitt leyfi til tómthúsmennsku.

2°.) Bréf frá Sveinbirni í Innrahólmi Þorvarðarsyni dags. 6. f. m. þarsem hann ítrekar beiðni sína dags. 6. Marts þ. á. um að mega dveljast hér að í tómthúsmennsku. og var það samþykkt.

Frekara var ekki gert.

E. Th. Jónassen
G. Þórðarson
Ólafur Guðlaugsson
B. Bjarnason

Ár 1882 h. 26. Mai var fundur í fátækranefndinni og var þar þá fyrir tekið:

1. Þorsteini Teitssyni frá Baugsstöðum í Stokks-eyrar-hreppi veitt tómthúsmennskuleyfi samkvæmt bréfi hans þarum dags. 9. Marts þ. á.

2. Guðrúnu Magnúsdóttur (í Reykjavík, ekkja,) er beiddi hafði húsmennsku-leyfis, svarað að hún yrði að gefa frekari upplýsingar um sig og efnahag sinn, áður en nefndin gæti gert út um beiðni hennar.

3. Bjarna Árnasyni í Engey var veitt tómthús-mennskuleyfi það sem hann áður hefði um sótt í vetur, en þá eigi fekk sökum vantandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upplýsinga. Nú leggur hann fram bréf frá húsbónda sínum Pétri Kristinssyni í Engey dags. 15. þ. m. er gefur honum besta vitnisburð og upplýsir að efnahagur hans sé allgóður.

4. Jónasi Ólafssyni frá Árbæ í Ölvesi samkvæmt bréfi hans dags. 25. Maí þ. á. veitt hér tómthúsmennsku leyfi.

5. Jónathan Jónssyni frá Kolbeinsstöðum er veitt leyfi til þess að setjast hér að með barni í tómthúsmennsku frá næstkom. 1. júní eptir beiðni hans í bréfi dags. 20. Maí þ. á.

6. Fátækranefndin vill leyfa að Magnúsi Bergsteinssyni á Helgastöðum fái bústað eptir beiðni þangað til hann verði fluttur austur á sína í bæ fátækrasjóðs í Þingholtum sveit, með því hann nú sé bústaðarlaus. Fyrir þennan tíma ber hreppur Magnúsar að borga sanngjarnt eptirgjald, á meðan Magnús býr í honum.

Fundi sagt slitið

Ellr Jónassen    H. Kr. Friðriksson.

G. Sigurðarson.

Ár 1882 h. 22. júní setti og hélt fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1.) bréf dags. 16. Maí þ. á. prestsins Jóns Jónssonar á Melum á Kjalarnesi beiðni um meðlag o. fl. með Önnu Ásmundsdóttur, sem hjá honum er, af því að hún, endaþótt hún yrði 14 ára, ekki var confirmeruð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

i fyrra sökum þess að presturinn ekki var heima. Eptir kringumstæðunum vildi ~~?~~ nefndin láta Jón Jónsson að fá 30 krónur í meðlag með þessu barni og ~~x~~ sex skólapeninga, en confirmationsgjald álítur nefndin ekki að eigi að borga fyrir þetta barn.

2° Bréf dags. 14. þ. m. frá Einari Jónssyni í Lautagerði þar sem hann biður um að ráðstafað sé laungetinsbarni hans ~~með~~ 13 ára gömlu er hann vegna bágra kringumstæða ekki geti haldið. Nefndin ályktaði að láta grennslast eptir hvar móðir barnsins þess átti hrepp og svo senda það þangað (Grindavíkurhrepps?)

3° Bréf frá Nikulínu Bjarnadóttur þarsem hún biðst þess að henni verði hjálpað að komast með barn það, sem hún hafi átt með stýrimanni Poulsen síðastliðið árið, til Danmerkur til ættingja hans. Nefndin vildi ekki vera í útfallinu að styrkja Nikulínu til þessarar ferðar.

Fleira var ekki fyrir tekið.

Eltr Jónassen, ~~M~~ Fridriksson. G. Þórðarson.
Þ. O. Gíslason B. Bjarnason

Ár 1882 hinn 14 júlí átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Lagt var fram bréf dags. 10. þ. m. frá Margréti Ólafsdóttur ekkju á Bergi um að fá meðgjöf með ~~syni~~ dóttur Ólafssonar hennar Sigríði, er nú væri munaðarlaus. Fátækranefndin félst á að veita henni meðgjöf

með barnin frá þeim tíma, sem barnið kom til hennar í vor.

2.) bréf frá Bergþóru Oddsdóttur, dags. 27. þ. m., ekkju eptir Þórð Þorvarðarson á Kalastaðakoti um að fá hér búsetuleyfi og var það veitt.

3.) bréf frá Ingveldi Bárðardóttur, dags. 27. þ. m., þar sem hún fyrir hönd mannsins síns Jónasar Jónassonar á Hrísdal biður um leyfi til þess að þau megi flytja hingað í sumar búferlum. En vegna þess að þau eptir bréfinu að dæma eru alveg félaus og með 2 börn ung, þótti nefndinni það ekki ráðlegt fyrir hana að veita hið umbeðna leyfi.

4.) Lagt fram bréf frá Þóri garðfræðing Jónssyni dags. 8. þ. m. þar sem hann beiðist þess að fá sér lagðan meiri styrk úr fátækrasjóði en hann nú hafi. Nefndin ályktaði að hækka meðlagið þannig að Þórir frá 1. þ. m. fengi 100 krónur um árið.

5. Bréf frá Magnúsi Árnasyni trésmið um að fá borgaða 19 k. 75 a, er hann hefði lánað Nikulínu Bjarnadóttur hér í vandræðum hennar í vetur, er var sveitlæg hér. Nefndin vill að eins borga 10 krónur af þessari kröfu, með því hún var svo seint fram borin.

6. Bar formaður upp beiðni Sigurbjargar Sigurðardóttur á Grund um að fá einhvern tiltekinn styrk til þess að hressa við bú sinn. Nefndin ályktaði að styrkja hana allt að 150 krónum.

7. Nefndin ályktaði að nauðsyn beri til að flytja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~hana~~ hjónin Magnús Bergsteinsson og allt hans hyski austur á þann sveit sem er Holtahreppur í Rangárvallasýslu.

8. Jóhanna Guðmundsdóttir fær um mánaðar~~kostur~~ ~~látinn vera~~ [illegible] frá Austurholti að Lágholti til systur sinnar Signýar, er tók hana til sín án þess að tala um það við fátækrastjórnina.

9. Gat formaður þess að Sveinn Sigurðsson, sem var á Austurholti, væri kominn að Þverárkoti á Kjalarnesi til Einars Eiríkssonar bónda þar.

Var svo fundi slitið

Eiríkur Jónasson. G. Þórðarson. Ólafur Guðlaugsson
K. Kjö[illegible]

Ár 1882, fimmtudaginn 10. dag ágústmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer

1. Sigurður Þorkelsson frá Hausthúsum í Leiru, biður í brjefi 2. þ.m. um tómthúsmennsku-leyfi. Málinu var frestað til að leita upplýsinga um þennan beiðanda.
2. Einar Einarsson á Bollagörðum á Seltjarnarnesi biður í brjefi 2. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næstu Krossmessu (1883), og var leyfið veitt.
3. Runólfur Gunnlaugsson frá Lækjarbotnum í Landmannahrepp biður í brjefi 4. þ.m. um tómthúsmennsku-leyfi frá næsta hausti, og var leyfið veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Sigurður Gísli Arnason ofan af Mýrum biður í brjefi 22. f. m. um tómthúsmennsku-leyfi frá næsta hausti, og var leyfið veitt.

5. Jón Jónsson frá Hólabaki í Húnavatnssýslu biður í brjefi 31. f. m. um tómthúsmennsku, og var leyfið veitt.

6. Því næst var ákveðið, að Guðrún Guðmundsdóttir og móðir ~~hennar~~ Katrín, í Hólakoti, gæti engan sveitarstyrk fengið framvegis; nema húsaleigustyrk næsta vetur.

7. Ákveðið að útvega Magnúsi Bergsteinssyni ýms föt handa börnum sínum, svo að þau gæti flutt á sinn hrepp, Hvolhrepp í Rangárvallasýslu, að sjálfsögðu upp á endurgjald frá hrepp hans, og flutningurinn skyldi fram fara næsta þriðjudag.

8. Skorað á bæjarfógetann að gjöra gangskör að því, að skuld Grímsneshrepps fyrir Guðbjörgu Guðlaugsdóttur, að upphæð 136.00 Kr. fengist greidd sem allra fyrst.

9. Skorað ~~og~~ á Ólafur Guðlaugsson á formann að hafa útvegun með húsráði handa Guðrúnu Þorgrímsdóttur ekkju frá Valdbý. Bað formaður Guðm. Þórðarson umgangast við Runólf í Hábæ, hvar ekkjan væri nú, að lofa henni að vera þar eptirleiðis gegn því að fátækrasjóður ábyrgðist húsaleiguna.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen

~~H. Kr. Friðriksson~~

Guðm. Þórðarson   Þ. Ó. Gíslason   Olafur Guðlaugsson   B. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1882 hinn 24. ágúst var fundur haldinn í fátækranefndinni:

1.) Var aptur tekin fyrir beiðni Sigurðar Þorkelssonar frá Hausthúsum í Leiru og var honum veitt leyfi að setjast að í tómthúsmennsku.

2.) Snorra Stefánssyni frá Krossholti (Hnappadalssýslu) veitt leyfi til að setjast hér að í tómthúsmennsku frá næstkomandi hausti.

3.) Jóhannesi Pálssyni frá Borgarfjarðarsýslu veitt hér aðsetursleyfi frá þessum tíma.

4.) Önnu Þorvarðardóttur, ógiptri stúlku frá Miðmörk í Rangárvallasýslu, veitt húsmennskuleyfi.

5.) Bréf frá hreppsnefnd Rangárvallahrepps dags. 6. ágúst þ.á. þar sem hún tilkynnir fátækrastjórninni hér að hún ekki vilji borga meira til þarfamanns þeirra Einars Eyríkssonar hér en 100 fiska árlega; geti hann ekki komist af með það, þá verði hann að hverfa til þeirra aptur.

6.) Gat formaðurinn þess að Þórður Guðmundsson í Görðunum hefði skýrt frá því að Þórður Þórðarson stóri væri orðinn svo aumur að hann gæti eigi lengur haldið hann fyrir þessa sömu meðgjöf og hann nú hefði með honum; var formanni falið á hendur (ráðsmanni!)

7.) Ólafur Ólafsson á Bergi ánýjar beiðni um að mega setjast hér að í tómthúsmennsku;

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fátækranefndin áleit sem fyrr að Ólafur þessi, þó hann væri í alla staði stikkanlegur maður, væri bláfátækur og fremur lítilmagni til vinnu og þessum hann nú ekki fyrir 1 barni að sjá, ættast fátækranefndin að Ólafur þessi ekki geti haft hér ofan af fyrir sér og var komin því sem synjað um aðsetursleyfið.

Var ekki frekar fyrirtekið.

E. Th. Jónassen    P. C. Gíslason    B. Bjarnason
Ólafur Guðlaugsson

Árið 1882, fimmtudaginn 14. dag septembermán., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Lagði formaður fram bónarbrjef frá Bjarna Guðmundssyni á Kirkjuvegi, dags. 24. f. m., um að mega setjast að hjer í bænum, ~~ásamt~~ og fylgdu þar með 2 skjöl, eða vottorð um hegðun hans, en engar skýrslur um ástæður hans. Fátækranefndin gat eigi sjeð, að hún gæti leyft manni þessum bæjarvist, sem ekkert ætti og enga atvinnu hefði eða gæti haft, eptir því sem nefndin vissi bezt, og synjaði því bón þessari.

2. Lagði formaður fram brjef frá söðlasmið Bergi Þorleifssyni, dags. 13. þ. m., þar sem hann óskar þess, að fátækranefndin vildi veita sjer meðgjöf frá 14. maí þ. á. og framvegis með Hallberu, dóttur Guðmundar Halldórssonar, sem er á 4. ári. Nefndin áleit sjálfsagt, að veita honum fulla meðgjöf, 6 Kr. 67 aura um mánuðinn upp frá þessum tíma; en henni þótti eigi ástæða að greiða honum meðgjöf með ~~honum~~ barninu fyrir umliðinn tíma, en vildi þó veita honum 20 Kr. þóknun fyrir þann umliðna tíma, ef hann þá vildi halda barninu framvegis.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Lagði formaður fram brjef frá Magnúsi Steindórssyni, á Gilsstöðum, dags. 31. júlí þ.á., þar sem hann biður um leyfi handa Fr. Friðrikssyni á Bakka í Vatnsdal, að hann mætti setjast að hjer í bænum í haust. Sökum þess, að engar skýrslur fylgdu um þennan Friðrik, frestaði nefndin að skera úr máli þessu, unz hún gæti fengið einhverjar upplýsingar um hann.

4. Þá skýrði formaður frá, að Nikolás Sigvaldason í Þingholtum hefði orðið brjálaður 30. ágúst, og hefði orðið að ~~gefa~~ korta gæzlu á honum í 10 daga. En hjer væri spurning um, hvort hann hefði þegið nokkurn sveitarstyrk í þau 11 ár, sem hann hefur hjer dvalið, og lofaði formaður að grennslast eptir því.

5. Í brjefi, dags. 11. þ.m. biður Sigríður Guðmundsdóttir í Hólakoti, að fátækranefndin ákvarði hvort skipti bænum, að svo miklu leyti, sem hún þykist eiga helming bæjarins, eða fátækranefndin hinn helminginn, eða þá að selja sjer hinn hluta, eða í 3. lagi að leigja sjer. En nefndin kann eigi ástæðu hvorki til að selja ~~[illegible]~~ henni eða leigja þann hlutann, sem væri eign fátækrasjóðs, en Sigríður mætti sjálf vita, hvað hún hefði keypt.

6. Þá kom til umræðu, að brýna nauðsyn bæri til, að taka börn Guðrúnar Þorgrímsdóttur bæði, og koma þeim fyrir á góðum stöðum.

Með því ekki var fleira að gjöra var fundi slitið.

E Th Jónassen

H Kr Friðriksson G. Þórðarson B Bjarnason

Ár 1882 h. 30. september var fundur haldinn í fátækranefndinni.

1° bréf frá Þorsteinssyni Guðmundi úr Kerlingardal dags. 26. sept. þ. á. um leyfi að setjast hér að til vors; nefndinni leizt áður en að þessum manni væri veitt hér fast bólfestuleyfi að útvega frekari upplýsingar.

2° bréf frá Ólafi Einarssyni, áður bónda á Hofsstöðum í Stafholtstungum, dags. 27. sept. þ. á. þarsem hann beiðist leyfis að dvelja hér veturlangt með því hann ætli sér norður og til Ameríku; en nefndin eigi á móti því að leyfa honum að vera hér í bænum í vetur.

3° bréf dags. 27. þ. m. frá Guðrúnu Jónsdóttur í Hólshúsi þarsem hún biður þess að fátækranefndin ráðstafi ómaganum Símoníu Ingimagnusdóttur sem fyrst frá sér. Nefndin vill leitast fyrir að útvega ómaga þessum annarstaðar

4° Bréf dags. í dag frá Stefáni Árnasyni af Vesturlandi snikkara er hér beiðist leyfis fyrir sig einhleypan til aðseturs framvegis og var það leyft.

5° Endurnýjun á beiðni Jónasar Pjeturssonar frá Hrísdal (sjá fund 14. júlí) um aðseturs leyfi hér, af því nefndin álítur það ísjárvert að veita strax þetta leyfi, þarsem hún ekkert þekkir þennan mann, var frestað að veita þetta leyfi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6° Bréf frá 26. þ. m. frá Þorbergi Guðmundarsyni á Selsholti um aðgjörð á bæ sínum; var það falið Pétri Gíslasyni að sjá um nauðsynlega aðgjörð á honum.

7° Bréf frá Bjarna Þorkelssyni á Staðarstað í Snæfellsnes-sýslu dags. 25. þ. m., þar sem hann beiðist leyfis að mega flytja hingað að vori komandi sem tómthúsmaður. Var það leyft.

8° Gat formaður þess að Kristjana Gísladóttir (dóttir Gísla Ólafssonar [illegible]) hefði beiðst hjálpar handa barni er hún hefði átt utan hjónabands og vill nefndin sjálfsagt veita það með því að stúlkan á hér fæðingarhrepp.

9° Bar formaður það upp að Guðrún Þorsteinsdóttir ekkja frá Valdby væri húsnæðis-laus og vill fátækranefndin láta h. útvega sér sjálf húsnæði en borga fyrir hana.

10° Var rætt um að ráðstafa því fé, hvernig útbýta ætti þeim styrk, er oss gæti veist af Thorkillii barnaskóla-peningunum. Var dómkirkjupresturinn við staddur og lagði það til að frestað yrði að gera út um það þangað til næstkom. þriðju-dag kl. 5 e. m.

11° Var talað um áætlun fyrir fátækrasjóð næsta ár og það samþykkt að hafa hana ~~eins og~~ í fyrra nema að hækka ýmis útgjöld um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

300 krónur.

Fleira ekki gjört. Fundi slitið.

Eir. Jónasson. Hallgr. Sveinsson

P.O. Gíslason G. Þórðarson K. Kjærnested

Ár 1882 h. 3. Oktober átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. að úthluta venjulegum styrk úr Thorkillii-sjóði og var stungið uppá að veita styrkinn þessum börnum:

a. Jónínu Rannveigu Einarsdóttur 12 ára
 a) uppeldisstyrkur . . . . Kr. 40,oo
 b) kennslustyrkur . . . . " 20.oo — 60,oo

b. Guðbjarti Guðjóni Þorlákssyni 10 ára af
 a) uppfósturstyrkur . . 80,oo
 b) kennslustyrkur í barnaskóla 20.oo — 100,oo

2. × Solveigu Sigurðardóttur 14 ára af skólapening 20.oo
3. Sigurði Júlíusi Jörgenssyni 10 ára —"— 20.oo
4. Jakobínu Einarsdóttur 11 ára —"— 20.oo
5. Ásmundur Ólafsson á Brekkuholti 10 ára 20.oo
6. Páll Melsted Jónsson 11 ára . . . 20.oo
7. Margrét Antonsdóttir 10 ára af . . 20.oo
8. Hinrik Biering Þorlákssyni 9 ára . . 20.oo
9. Salvör Egilsdóttir 9 ára . . . 20.oo
10. Magnús Einarsson Hjaltested 11 ára 20.oo

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 11. | Rósa Jónsdóttir + | 12 ár | skólastyrkur | 20,00 |
| 12. | Eybjörn Eyjólfsson | 9 — | — " — | 20.00 |
| 13. | Margrét Einarsdóttir | 10 — | — " — | 20.00 |
| 14. | Guðrún Kristín Sigurðard. | 10 — | — " — | 20,00 |
| 15. | Sigríður Tafadóttir | 11 ára | — " — | 20.00 |
| 16. | Jakob Jónsson | 11 — | — " — | 20.00 |
| 17. | Árni Hannesson | 10 ára | — " — | 20.00 |
| 18. | Hannes Hannesson | 12 — | — " — | 20,00 |
| 19. | Pétur Jónsson + | 12 ára | — " — | 20,00 |
| 20. | Guðjón Jósepsson | 12 ár | — " — | 20,00 |
| 21. | Ólafur Kristjánsson | 12 ára | — " — | 20.00 |
| 22. | Hólmfríður Hermannsdóttir | 11 ára | — " — | 20.00 |

2° Var svo leitað álits fátækranefndarinnar um það hvort viðurkenna skyldi Pál Pálsson snikkara, er dó í Hafnarfirði 1879; var frestað gera út um það til næsta fundar.

3. Pétur Gíslason fátækrafulltrúi gat þess að hann hefði komið barninu Símonín Ingimarsdóttur fyrir hjá Jóni ~~[illegible]~~ í Ánanaustum frá 1. þ. m.

Með því ekki var fleira fyrir að taka þá var fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen

Hallgrímur Sveinsson — G. Þórðarson — P. O. Gíslason

Ólafur Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1882, fimmtudaginn 12. dag októbermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Var þá lesið upp brjef frá Brynjólfi Eiríkssyni, í Grjóta, um meðlagsstyrk með systur hans Guðrúnu Eiríksdóttur, er sje vanfær; ákveðið að fresta málinu, með því að nefndinni voru ókunnugir allir nákvæmari málavextir.

2. Hjörtur Egilsson, í brjefi dagsettu í dag, biður um tómthúsmannsleyfi ~~til~~ þegar. Nefndinni kom saman um, að segja hreint nei; þar sem kona-efnið eigi barn á sveit, og hvorugt eigi neitt.

3. Guðmundur Jónsson frá Gnúpverjahrepp biður í brjefi dags. 11. þ. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum nú þegar. Leyfið veitt.

4. Sigurður Jónsson frá Skiphyl í Mýrasýslu biður í brjefi dags. 28. f. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum nú þegar. Var leyfið veitt.

5. Hjörtur ~~Jónsson~~ Þorkelsson á Melshúsum á Seltjarnarnesi biður um tómthúsmannsleyfi í bæjarumdæminu, og mega byggja sjer bæ í Kaplaskjóli. Var leyfið veitt.

flutti sig ekki

6. Þorsteinn Eiríksson frá Riftúni í Ölfusi, biður í brjefi 11. þ. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum frá næstu fardögum. Var leyfið veitt.

7. Andrjes Vigfússon frá Tröð á Álptanesi biður í brjefi 26. f. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og vildi fá að byggja hús í Kaplaskjóli. Var leyfið veitt.

kom ekki

8. Jón Jónsson í Ánanaustum biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Brjefið var dagsett 8. septemberm. Var leyfið veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Jón Jónsson í Kaplaskjóli hefur í dag borið sig upp ~~í dag~~ um það, að hann hefði ekkert fje eða ráð til bjargar. Eptir skýrslu þeirri, sem hann hafði gefið fógetanum, á hann sveit í Hólahrepp í Skagafjarðarsýslu. Var ákveðið, að reyna að koma konunni og barninu fyrir í vetur, og gefa með barni hans um þær 3 vikur, sem Guðlaug Ásgrímsdóttir hafði haft það í vor, og skyldi meðgjöfin vera 6 Kr. um þessar 3 vikur.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. H. Fridriksson. P. O. Gíslason
G. Þórðarson B. Kristjánsson

Ár 1882, föstudaginn 27. dag októbermán., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Lagði formaður fram brjef, dags. 25. þ.m., þar sem Sigurður Sveinsson í Nýjabæ í Skuggahverfi biður um leyfi til tómthúsmennsku frá næstu krossmessu, og var leyfið veitt.
2. Þorsteinn Bjarnason á Brú í Biskupstungum biður í brjefi 26. þ.m. um tómthúsmennsku hjer í bænum, og var þetta leyfi veitt.
3. Sveinn Guðmundsson sækir í brjefi 22. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi frá næsta vori handa Þorsteini Þorsteinssyni á Reykjum í Hrútafirði. Þetta leyfi var veitt.
4. Þorsteinn Gamalíelsson á Lambastöðum biður í brjefi 25. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi, og var málinu frestað til næsta fundar til að leita upplýsinga um beiðandann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Halldór Björn Benidiktsson biður í brjefi 25. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi frá næstu vordögum. Var leyfi þetta veitt.

Fundi slitið.

E. Magnússon. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson

Ár 1882, fimmtudaginn 9. nóvemb. átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Kristján Kristjánsson (frá Hrafnhólum) biður í brjefi í dag, að nefndin útvegi honum húsnæði. Nefndin rjeð af, að svara því, að Kristján yrði sjálfur að útvega sjer húsnæði, en fátækranefndin mundi ábyrgjast borgunina.

2. Þá var að nýju rædd beiðni Þorsteins Gamalíelssonar (sjá næsta fund á undan) um húsmennskuleyfi og var beiðnin veitt.

3. Jón Bjarnason á Austvaðsholti biður í brjefi, dags. í dag, um leyfi til húsmennsku hjer í bænum frá næstu fardögum, og var leyfið veitt.

4. Formaður tilkynnti nefndinni, að amtmaður hefði leyft Ólafi Ólafssyni bæjarveru hjer þrátt fyrir mótmæli nefndarinnar.

5. Pjetur Illugason í Sandagerði biður í brjefi 18. dag septembers um styrk til húsaleigu, 20 kr., og áleit nefndin, að naumast ræki til að hjálpa honum.

6. Guðmundur Halldórsson biður í brjefi 25. f.m. um borgun fyrir 14 daga vinnu, að bæ þeim, sem nefndin ljet byggja í fyrra, og jafnframt að nokkrir aðrir, sem að honum hefðu unnið, hefðu gefið sjer eptir kröfu þeirra fyrir vinnu þeirra, en nefnd-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

in sá enga ástæðu til að gegna þeirri
beiðni þeirri beiðni Guðmundar
7. Guðmundi Guðmundssyni í Sauðagerði
ávísaðar 3 krónur fyrir aðgjörð á
Hólakotsbænum.
8. Formaðurinn gat þess, að Brynjólfi Eiríkssyni
hefði verið ávísaðar 10 Kr. með systur hans
Guðrúnu (sjá fund 12. októb. þ. á.)

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson. Þ. Ó. Gíslason. Ólafur Guðlaugsson

Á 1882, fimmtudaginn 23. dag nóvembermánaðar,
átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Jón Árnason bókavörður biður í brjefi, dags. 16. þ.m.
um bæjarleyfi handa ~~ekkju~~ konu Björgu Jónsdóttur
á Hofi í Vatnsdal með móður sinni og dóttur. Var
leyfið veitt.
2. Eyður Guðmundur í Hala biður, í brjefi 13. þ.m.
um 20 kr. lán til næsta vors sökum fátæktar
og bjargarleysis, og var lánið veitt gegn endur-
gjaldi af hrepp hans, Seltjarnarneshrepp.
3. Í brjefi dags. 13. þ.m. biður justitiarius
Jón Pjetursson um húsmennskuleyfi
handa Grími Grímssyni nú í Viðey.
Var leyfið veitt.
4. Þorlákur Runólfsson biður í brjefi 15. þ.m.
um tómthúsmennskuleyfi nú þegar hjer í
bænum, og var leyfið veitt.
5. Brynjólfi Eiríkssyni voru veittar 10 Kr.
með systur hans Guðrúnu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Formaður gat þess, að fyrir nokkru síðan hefði Gróa Guðmundsdóttir, kona Kristins Oddssonar í Hagavík, verið lögð á sjúkrahúsið gegn endurgjaldi af sveit mannsins, Seltjarnarneshreppi, og hefði hún verið útskrifuð í gær.

7. Formaður gat þess enn fremur, að Dr. Schierbeck hefði komið til sín, og óskað þess, að fátækranefndin vildi annast um, að Eiríkur Þorkelsson í Hólakoti yrði lagður inn á sjúkrahúsið, með því að hann þyrfti lækninga við, sem eigi yrðu hafðar við hann annarstaðar. Áleit nefndin, að sjálfsagt væri að fátækranefndin borgaði þann kostnað, sem leiddi af veru hans á sjúkrahúsinu gegn endurgjaldi af sveit hans, Meðallandi í Vestur-Skaptafellssýslu.

8. Þá var Guðmundi Jónssyni í Kálfakoti veittar 10 kr. í viðbót ~~við~~ ákveðna meðgjöf með barni ~~...~~ Guðmundar Halldórssonar, sökum veikinda þess í sumar.

Fundi slitið.

Ell. Jónasson. ~~H.~~ H. Friðriksson. G. Þórðarson. Þ. O. Gíslason

Á 1882 hinn 14. decembr var fundur haldinn í fátækranefndinni og var þar þá tekið fyrir:

1.) Eiríkur Guðmundsson á Halakoti í Biskupstungum biður í bréfi 25. d. nóv. 1882 um lausamennskuleyfi. En þar með fylgdu engar upplýsingar, og var honum synjað um beiðnina af þessu sinni af þeim sökum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Oddur Oddsson frá Oddgeirshólum biður í brjefi
2. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum,
og var leyfið veitt.

3. Sveinn Jónsson frá Snudsnesi í Grímsnesi biður
í brjefi 24. f.m. um tómthúsmennskuleyfi.
Málinu var frestað sökum upplýsingaleysis.

4. Einar Ámundason frá Efra-Apavatni í
Grímsnesi biður í brjefi 20. f.m. um tómthús-
mennskuleyfi hjer í bænum. Málinu var
frestað sökum upplýsingaleysis.

5. Sigurður Jónsson í Kasthúsum biður í
brjefi 4. þ.m. ~~biður~~ um tómthúsmennsku-
-leyfi hjer í bænum handa Jóni Þórðar-
syni á Þórustöðum í Ölfusi. Málinu
frestað sökum upplýsingaleysis.

6. Guðlaugur Magnús Jónsson á Innsta-
Vogi á Akranesi biður í brjefi 28. f.m.
tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum.
Beiðninni var synjað sökum fátæktar
og að sögn óreglu.

7. Formaður lagði fram og las upp brjef frá sýslumann-
inum í Húnavatnssýslu, 7. f.m., þar sem
sýslumaðurinn spyr um, hvort fátækra-
nefndin hjer í bænum kannist við sveit-
festi Nikolásar Guðmundssonar, sem
hafi dáið þar nyrðra fyrir 2 árum, og kann-
adist nefndin við sveitfesti hans, með því hann
er hjer fæddur.

8. Níels á Klöpp býður í brjefi 4. þ.m. að halda
framvegis Halldóru Guðmundsdóttur gegn
vanalegu ómagameðlagi; barnið er 11 ára.
Auk þess biður um meðlags styrk fyrir umliðið ár
30 Kr. til næsta nýárs, með sömu [illegible],
þar sem hann alls ekkert hafi með
barninu fengið frá föðurnum, og var það
veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Þá var ávísaður útfararkostnaður barnsins Stefáns Guðmundssonar, sem dó á Kálfakoti 25. f. m. 25 Kr. 50 aur.

Fundi slitið.

~~H. Fredriksen.~~ Eiríksson? G. Þórðarson T. O. Gíslason
Ólafur Guðlaugsson

Ár 1882 h. 28. desember átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1°) Eiríki Guðmundssyni (sjá f. fund) eptir þeim upplýsingum sem síðar hefa um hann fengizt veitt bæjarleyfi frá næstk. vori.

2° Jóhannesi Teitssyni frá Bala í Eystrihrepp veitt bæjarleyfi frá næsta vori.

3° Halldóri Sigurðssyni frá Pálshúsum í Garðahrepp neitað um bæjarleyfi fyrst um sinn þareð allar upplýsingar vöntuðu í bréf hans dags. 20. þ. m. um aldur, hagi o. s. frv.

4° Einari Einarssyni á Laxárdal í Hrunamannahrepp samkvæmt beiðni hans í bréf dags. 18. f. m. veitt bæjarleyfi hér frá næstk. vori. (kom ekki)

5° Guðmund Árnasyni frá Mörkum nú (ættaður úr Skaptafells-sýslu) neitað um bæjarleyfi sökum þess að hann væri óreglumaður. Bréf hans dags. 27. des. þ. á.

6. Beiðni Guðmundar Pálssonar (á Langará?) dags. 27. þ. m. um að fá hér aðsetursleyfi frestað til að leita um hann upplýsinga.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Lagt fram bréf frá Bjarna Þóroddarsyni bónda á Helgastöðum í Biskupstungum dags. 27. des. f. á. þar sem hann sækir um tómthúsmannsleyfi hér frá næstkomandi vori. En sökum þess að bréfhafer ber með sér að hann er félaus maður og ekki getur almennilega unnið fyrir sér og sínum styrktarlaust eptirleiðis, þá vill nefndin ekki leyfa honum hér bæjarvist.

Fleira var eigi fyrir tekið.

Einar Jónasson G. Þórðarson P. O. Gíslason

Á 1883 h. 11. janúar var fátækrafundur haldinn af nefndinni og var þar þá tekið fyrir:

1. Aptur fyrir tekið bréf frá Sveini Jónssyni (sjá fund 14. des.) á Sandsnesi í Grímsnesi og honum nú veitt bæjarleyfi frá næsta vori.
2. Einari Ámundasyni á Apavatni, í bréfi dags. 20. nóv. f. á. veitt sama frá næsta vori.
3. Sigurði Jónssyni veitt leyfi fyrir Jón Þórðarson frá Þórustöðum í Ölvesi að setjast hér að í tómthúsmennsku (sjá 14. des. fund.)
4. Nefndinni tilkynnt að Amtið hefði leyft Bjarna Guðmundssyni úr Höfnum hér bæjarleyfi.
5. Guðmundi Pálssyni á Laugarási í Biskups-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tungum veitt bæjarleyfi frá næsta vori (sjá fund 28. dec.)

6. Jóni Magnússyni í Hlíðarhúsum veitt bæjarleyfi frá næstkomandi vori.

7. Halldóri Sigurðarsyni á Pálshúsum í Garðahreppi veitt bæjarleyfi frá næstkomandi vori.

8. Ámundur Jónsson (á Vatnsleysu) sækir í bréfi dags. 5. januar þ.á. um bæjarleyfi, í frestað að svara þessu bréfi þangað til að nefndin hefir fengið áreiðanlegri upplýsingar um manninn.

9. Jóhannesi Sveinssyni á Litlureykjum í Árnessýslu (Hraungerðis-hreppi) veitt hér bæjarleyfi til næsta vors samkvæmt beiðni í bréfi dags. 10. januar þ.á.

10. Magnúsi Magnússyni frá Langholti í bréfi dags. 2. januar þ.á. ~~hefir~~ veitt leyfi til tómthús-mennsku frá næstkomandi vori.

11. Guðmundi Einarssyni frá Helgastöðum í Biskups-tungum veitt tómthúsmennsku-leyfi frá næsta vori (bréf dags. 9. januar þ.á.)

12. Jóni Gíslasyni á Melshúsum veitt bæjarleyfi hér í bænum. Bréf hans dags. 9. januar þ.á.

13. Formaður lagði fram bréf frá Sigurði Jónssyni í Móakoti dags. 3. januar 1) þarsem hann biður um að fá 3 krónur um mánuðinn með Kristjáni Kristjánssyni og var það veitt 2) um að fá frá nýári 10 kr. um mánuðinn með Jóhannesi Guðmundssyni tengdaföður sínum og var það líka veitt.

14. Var skorað á fátækranefndina að útvega til 1. februar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samastað handa barni Guðrúnar sál. Eiríksdóttur og þurfti nefndinni lausan um að gefa með þessu barni 8 kr. um mánuðinn.

Á þessum fundi voru mættir þeir Ólafur Ólafsson (í Lækjarkoti) og Þórður Torfason (í Vigfúsarkoti) sem fátækrastjórar eptir kosningu fátækranefndarinnar í staðinn fyrir Bjarna sál. Bjarnason og Ólaf Guðlaugsson, með því hinn fyrnefndi var dáinn og hinn síðarnefndi sökum elli er orðinn ófær til starfa þess.

Fundi sagt slitið

P. Pjetursson    Ellert Jóhannesson
G. Þórðarson
Ólafur Guðlaugsson
Ólafur Ólafsson    Þórður Torfason

Árið 1883, fimmtudaginn 25. dag janúarmán. átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi dags. 12. þ. m. biður Sveinn Bjarnason í Sandgerði um tómthúsmannsleyfi handa Snorra bónda Snorrasyni á Miðkoti í Rosmhvalaneshreppi frá næsta vori, og var leyfið veitt.
2. Ásmundi Jónssyni (sjá næsta fund á undan, nr. 8) var veitt hið umbeðna tómthúsmannsleyfi.
3. Í brjefi 14. þ. m. biður Páll Kristjánsson frá Skjaldartröð í Breiðavíkurhrepp um tómthúsmannsleyfi, og var leyfið veitt.
4. Í brjefi, dags. í dag, biður Þórður Torfason um bæjarleyfi handa ekkjunni Sigríði Jónsdóttur á Korpúlfsstöðum, og var leyfið veitt.

5. Var þá ákvarðað meðlag með ómögum bæjarins og þurfamönnum.

## I. fasta Ómaga

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Einar Magnússon | barn | hjá Jóhanni Einarss. | 80, |
| 2. | Guðm. K. Guðmundss. | 14 ár | " Jóni í Skipholti | 60,00 |
| 3. | Haraldur Jónsson | 10 – | " Jóni í Bakkabæ | 80.00 |
| 4 | Guðrún Jónsdóttir | 7 – | " Tómási Tómássyni á Lambhúss. Koti | 80.00 |
| 5. | Ásm. Gissurarson | 12 – | " ekkju Stefáns Jóhannessonar | 80.00 |
| 6. | Guðm. Gissurarson | 8 – | " Einari Arnasyni á Toptum . . . | 80.00 |
| 7. | Jón Jónsson í Garðhús. | 82 ár | " Bjarna í Garðhús. | 80.00 |
| 8. | Martha Lárusdóttir | 29 – | húsl. fyrir sig | 48.00 |
| 9. | Guðríður Þorkelsdóttir | 79 – | " Þorv. Klængssyni | 100.00 |
| 10. | Ólafur Þórðarson | 14 – | " Sveini í Sandg. | 50.00 |
| 11. | Salvör Ketilsdóttir | 86 – | (sjálfrar sín) | 100.00 |
| 12 | Þorvaldur Ásmundsson | 14 – | " Jóni í Mýrarh. | 60.00 |
| 13. | Ingibjörg Eiríksd. | 80? | " Sveini á Seli | 100.00 |
| ~~14.~~ | ~~[illegible] Sigurðsson~~ | ~~14 –~~ | | ~~60~~.00 |
| 15. | Sólveig Einarsd. | | " Guðm. Jónssyni í Garðbæ . . | 100.00 |
| 16 | Vilborg Magnúsdóttir | 7 – | " Guðm. í Kálfakoti | 80. – |
| 17 | Ingvar Bjarni barn Maríu Ingibj. Guðmundsdóttur | | " Guðm. Arnasyni í Tjarnarhúsum | 80.00 |
| | | | | 1258 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | Flyt 1258 .. |
| 18. | Barn Einars Jóns | | á Hausastöðum | 80.00 |
| 19. | Helga barn Didriks Hölte | | á Norðurkoti hjá Þórði Elíssyni | 80,00 |
| 20. | Sumarlína Sumarliðadóttir | | hjá Jóni Sigurðars. á Stöðum á Akran. | 80.00 |
| 21. | Benedikt Guðmundarson barn | | hjá Sigurð. í Klettað. | 80.00 |
| 22. | Johannes Jónsson | | — " — Sig. í Móakoti | 120.00 |
| 23. | Ingibjörg Guðmundsdóttir | | — " — Madme J. Bjarnason ~~Jósef Þorgrímssyni~~ | 288.00 |
| 24. | Jón Jörgensson | 15 ára | — " — Jóni á Bakkakoti | 40.00 |
| 25. | Ástríður Olsen | 52 ára | — " — Margréti í Klettakoti | 144.00 |
| 26. | Þórdís Jónsdóttir ekkja | | — " — Sigurð. Þórðars. á Skuggahverfi | 60.00 |
| 27. | Jón Jónsson gardfat. | | — " — Henrik í Gránuborg hjálpa til | 100.00 |
| 28. | Ásdís Davíðsdóttir | | — " — Sveini í Sandvík | 90.00 |
| 29. | Barn Didriks Holte | | — " — Þórð. á Bjargi á Kjalarnesi | 80.00 |
| 30. | Ólafur Guðnason barn | | — " — Sigurbjörgu Sigurðardóttur | 80.00 |
| 31. | Sigríður Andersd. | 3 ára | — " — Þórð. í Norðurkoti | 80.00 |
| 32. | Magnús Hjaltested | | — " — Sigurð. Þórðarsyni í Skuggahverfi | 80.00 |
| 33. | Guðrún Símonía Ingimarsdóttir | | — " — Jóni Björnssyni í Ananaustum | 80.00 |
| | | | | 2838 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt 2820.00

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 34. | Elín Sigurðardóttir | | hjá Magnúsi á Miðseli | 144.00 |
| 35. | Kristín Ásmundsd. | | " Torfa prentara | 120.00 |
| 36. | Jarþrúður Pjetursd. ekkja | | " Jarþrúði á Steinsst. | 90.00 |
| 37. | Bjarni Þórðarson | 18 ár | " Sig. Guðmundssyni á Skildinganesi | 60.00 |
| 38. | Margrét Pálsdóttir með 1. barn | | í Brunnhúsum . . | 80.00 |
| 39. | Jón Ingimundss. | | " Selsholti . . | 80.00 |
| 40. | Finnbogi Finnbogason | 2 ára | Jóni Pálssyni í Félagsgarði | 80.00 |
| 41. | Þórunn Einarsdóttir | 9 — | " Sigurði Erlendssyni í Guðmundarbæ á Akranesi | 80.00 |
| 42. | Hallbera Guðmundsdóttir | | " Bergi [illegible] | 80.00 |
| 43. | Gunnlaug Guðmundsd. | | " Árna Gíslasyni | 80.00 |
| 44. | Lúðvík Sigurðsson | 12 ár | " Kristínu á Steinum | 80.00 |
| 45. | Sigríður Ólafsdóttir | | " Margréti á Bergi | 80.00 |
| 46. | Sigríður Jónsdóttir . | | " í Hlíðarhúsum | 80.00 |
| 47. | Ívar Jónsson | | " í Veghúsum | 80.00 |
| 48. | Agnes Jónsdóttir | | " til Stefáns í Steinad. | 60.00 |
| 49. | Kristján Kristjánsson | | " til húsa í Móakoti | 36.00 |
| 50. | Barn Guðrúnar Eiríksd. í Grjóta | | " til húsa inn í Grjóta hjá Bergmann | 80.00 |
| 51. | Einar Magnússon í Skólabæ | | " til hans sjálfs | 72.00 |
| | | | | 41[illegible]2 |
| 52. | María Margrét Bjarnadóttir | 14 — | hjá Guðm. Jónssyni í [illegible] | 60.00 |

Flt. 4342

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 53. | Erlindur Guðmundsson 13 ára hjá Gísla Guðmunds syni í Litlabæ . | Kr | 4342,00 |
| | | | 80.00 |
| | | | 4,422.00 |

## II. Þurfamenn

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ekkja Anna Ásmundsdóttir í Melshúsum | 80.00 |
| 2. | — Margrét Einarsdóttir í Steinsholti . | 80.00 |
| 3. | Ingimundur í Bala . . . . . . | 40.00 |
| 4. | Kristín Guðmundsdóttir í Hólakoti . . | 48.00 |
| 5. | Jóhanna Guðmundsdóttir í Lágholti . | 100.00 |
| 6. | Einar Hjaltested . . . . . | 130.00 |
| 7. | Jóhann Heilmann . . . . . | 80.00 |
| 8. | Ólafur Þorkelsson á Mýrargrund . . | 30.00 |
| 9. | Madme G. Lambertsen . . . . . | 80.00 |
| | | 668.00 |
| 10. | Helga Jónsdóttir ekkja . . . . | 80.00 |
| | | 748.00 |

## III. Vitstola menn

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ragnhildur Símonardóttir . . . | 300,00 |
| 2. | Elísabeth Egilsdóttir . . . . | 500.00 |
| ~~3.~~ | | 800,00 |

Fleira var ekki fyrir tekið.

Fundi sagt slitið

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson. P. O. Gíslason

Ár 1883, fimmtudaginn 8. dag febrúarmán., átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Pjetur Einarsson á Heiðabæ í Þingvallasveit biður í brjefi 5. þ.m. um tómthúsmannsleyfi frá næstu fardögum, og var leyfið veitt.

2. Ebeneser Helgason biður í brjefi 3. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

3. Justitiarius Jón Pjetursson biður í brjefi 30. f.m. um tómthúsmannsleyfi handa Jóni Sveinssyni á Holti á Kjalarnesi, og var leyfið veitt.

4. Jakob Jóhannesson biður í brjefi 24. f.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

5. Ásgrímur Jónsson frá Einarshöfn á Eyrarhöfn biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og hefur Eyjólfur Helgason borið fram beiðni þessa fyrir hans hönd í brjefi 8. þ.m., og var leyfið veitt.
kom ekki

6. Þorvaldur Klængsson biður í brjefi 7. þ.m. um 20 kr. viðbót við meðgjöf með Guðríði Þorkelsdóttur, og var það samþykkt, með því skilyrði að hann skuldbindi sig til, að halda hana framvegis fyrir þessa meðgjöf, án frekari viðbótar.

7. Guðmundur Jónsson í Garðbæ biður um 24 kr. viðbót við meðgjöf með Solveigu Einarsdóttur, eða alls 144 kr. um árið, og var það veitt með sama skilyrði og hinum næsta á undan.

8. Hermann Guðmundsson biður um styrk með móður sinni Sigríði Ingimundardóttur, og var honum veittar 48 kr. um árið.

9. Þórður Þórðarson á Miðholti hefur fengið 10 kr. styrk gegn endurgjaldi af hreppi sínum Breiðavíkurhrepp.

Fundi slitið

Ell. Jónassen

H. Friðriksson. G. Þórðarson Þ. C. Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1883, fimmtudaginn 8. dag marzmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Las formaður upp brjef frá Jóni Oddssyni í Mýrarholti, dags. 21. d. f.m., þar sem hann segist eigi vilja halda Þorvald Ámundason, nema því að eins, að hann fengi sama meðlag með honum að minnsta kosti til fermingar í vor, og samþykkti nefndin það.

2. Jón Jónsson í Skipholti afsegir að halda ómagann Guðmund Guðmundsson nema hann fengi sama meðlag og áður. Fjellst nefndin á, að greiða Jóni hina sömu meðgjöf um mánuðinn með Guðmundi sem áður, uns hann verði fermdur í vor.

3. Ingibjörg Hansen afsegir í brjefi 7. þ.m. að halda framvegis systur sína Helgu, sem veri mjög veik. Taldi nefndin sjálfsagt, að taka Helgu þessa að sjer, og var Ólafi Ólafssyni falið á hendur að tala við Ingibjörgu, hvort hún sæi sjer eigi fært að halda hana framvegis gegn sæmilegri borgun, svo sem t.a.m. 100 kr.

4. Kristján Konráð Gíslason úr Skagafirði beiddist í brjefi 8. f.m. tómthúsmennsku leyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

5. Guðmundur Sigurðarson á Bólstaðarhlíðarseli í Húnavatnssýslu biður í brjefi 16. jan. þ.á. um tómthúsmennsku leyfi hjer í bænum. Hann er kvongaður, og á 2 börn. Var leyfið veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Ámundur Einarsson biður í brjefi 5. þ. m.
× biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum
næsta vor, og var það leyft.
7. Árni Halldórs Hannesson úr Hafnarnesi endur
× nýjar beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi
hjer í bænum, og var leyfið veitt.
8. Skúli Guðmundsson frá Stóra-Kambi í Breiðu-
× vík biður í brjefi 27. f. m. um tómthús-
mennskuleyfi hjer í bænum. Var þetta leyfi
veitt.
×9. Magnús Ólafsson á Laxnesi í Mosfellssveit
biður í brjefi 28. f. m. og var leyfið veitt.
10. Erlendur Magnússon gullsmiður biður í brjefi
8. þ. m. um leyfi handa Jónasi Björnssyni
× frá Reykjavöllum í Hraungerðishreppi.
Með því að Jónas þessi hefur nokkur börn
á sveit, getur leyfið eigi orðið veitt. Maður
þessi er uppflosningur.
11. Guðríður Sigurðardóttir frá Valbjarnar-
völlum í Mýrasýslu biður um bæjar-
+ leyfi hjer í bænum. Málinu var frestað
til að leita skýrslu um málið.
12. Guðmundi Þorsteinssyni frá Reykjum í
Lundarreykjadal voru veittar 10 kr. úr
fátækrasjóð gegn endurgjaldi af hans hreppi.
13. Formaður gat þess, að amtmaður hefði beiðst yfir-
lýsingar nefndarinnar um kvörtun Guð-
mundar Árnasonar á Mörkum yfir synjun
nefndarinnar um bæjarleyfi. En nefndin
kvaðst eigi geta tekið synjun sína aptur, eða
ástæðurnar fyrir henni.
14. Formaður las upp brjef frá sýslumanninum
í Húnavatnssýslu dags. 6. jan. þ. á., þar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur